

Fermingar Feykrir

11
TBL

20. mars 2024
44. árgangur : Stofnað 1981

Frétta- og dægurmáblað
á Norðurlandi vestra



Fermingargjöfin fyrir hestafólkið fæst hjá okkur



HRÍMNIR

Erum að taka inn fullt
af flottum vörum frá
Hrímni



Redback skór, Casco
reiðhjálmar og margt
margt fleira sem
þarf að eiga í
hestamennskuna.

Opnunartími: mán - fös 08:00-18:00 lau. 10:00-13:00

☎ 455-4610

📘 facebook.com/verslunineyri



Fermingargjöfin stækkar meira í Arion

Þú færð allt að 32.000 kr. til viðbótar frá okkur



Í samstarfi við Stefni

LEIÐARI

Kæra dagbók

Í dag, pálmásunnudag 31. mars árið 1996, fermdist ég í Sauðárkrókskirkju ásamt nokkrum bekkjarfélögum mínum. Síðustu daga hefur mamma verið að fara á taugum við að undirbúa veisluna, búin að standa á haus við að baka marga maregns- og svamp botna fyrir allar terturnar sem hún ætlar að bjóða upp á í fermingunni minni. Mér var nokkuð sama um hvað yrði boðið upp á í dag þannig að mamma tók þá ákvörðun að hafa alvöru hnallþóruhlaðborð eins og henni einni er lagið.



Ég borða reyndar ekki neinar kókur nema skúffuköku og svo muffins en ég hafði hvort eð er ekki tíma til að borða því það var svo mikið af fólki sem kom í veisluna. Mamma sagði að ég þyrfti að taka á móti öllum gestunum og spjalla við það, svo komu nokkrir sem ég þekkti ekki neitt og ég vissi ekkert hvað ég átti að segja, skriftið!

Veislan var haldin á Ströndinni... ekki á sjálfri ströndinni haha heldur í húsnæði verkalyðsfélagsins sem er kallað Ströndin. (Þar sem Hús frítímans er núna) Það var fínt en eina vesnið var að það þurfti að labba upp stiga til að komast í salinn og við þurftum að bera allt upp og svo aftur niður áðan þegar veislan var búin, booooooring.... En hvað um það dagurinn byrjaði á því að ég vaknaði snemma til að fara í sturtu því mamma vildi byrja eldsnemma að greiða á mér hárið, skiljanlega því ég er komin með svo sítt hár, alveg niður á rass. Mamma var reyndar búin að gera þrúfugreiðslu um daginn, sem ég var ánægð með, þannig að þetta var nokkuð skothelt hjá kelli. Svo var að klæða sig í fötin, sem ég var mjög ánægð með, hvít siffon skyrtu, svart vesti og skósítt svart pils. Ætlaði reyndar ekki að vera í vestinu en mamma neyddi mig til að vera í blúndubrjóstarhaldara sem hún keypti sérstaklega til að nota á þessum degi og það sást í gegnum skyrtuna, glatað, og þá kom hún með þessa laus, nota vestið hennar. Ég hef aldrei farið í brjóstarhaldara áður, er alltaf bara í toppum til að fletja þessi ósköp út, því mér líst ekkert á það að fá brjóst, þetta er bara fyrir manni þegar maður er mikið í íþróttum. En djöfull klæjaði mig undan brjóstarhaldaranum, fer aldrei í þetta drasl aftur. Ég var mest spennust fyrir því að nota flottu Destroy skóna mína, þykkbotna, öklaskór með reimum, kostuðu mikinn pening, segir mamma, en þessir skór voru þeir einu sem komu til greina.... vildi ekkert annað hihi.

Athöfnin í kirkjunni gekk nokkuð vel þrátt fyrir mikið stress á okkur krökkunum. Við þurftum að velja okkur texta sem við lásum upphátt fyrir framan alla og shit hvað ég var að frika út þegar það var alveg að koma að mér... man ekkert hvað ég las og sem betur fer skrifaði ég textann niður og geymdi inni í nýju fallegu sálmabókinni minni. "Sá sem kemur að ofan, er yfir öllum. Sá sem er af jörðu, hann er af jörðu og talar af jörðu. Sá sem kemur af himni, er yfir öllum."

Langar að segja þér líka að ég var rosaalega ánægð með fermingarhanskana mína sem mamma heklaði fyrir mig, ætla að passa vel upp á þá. En veislan sjálf byrjaði strax eftir kirkjuna og voru um 100 gestir sem komu þó að það hafi bara skrifað 70 manns í gestabókina. Ég fékk 67.500 kr. í pening og fullt af gjöfum eins og t.d rúm, úr, myndavél, náttföt, skíði og skíðabúnað, græjur, nokkra lampa, handklæði, nokkur hálsmen, nokkra hringi, svefnpoka, bakpoka og m.fl.. Ég er mjög ánægð með daginn og allar gjafirnar og fer glöð að sofa eftir smá stund. Er líka spennst fyrir því að kaupa mér föt í Tískuhúsinu fyrir hluta af peningnum. Bless bless kæra dagbók og góða nótt.

Sigríður Garðarsdóttir, blaðamaður

Sauðárkrókur

Nýung í Sæluviku

Viðburðaríkt ehf. á Sauðárkróki stendur fyrir nýung í tónleikahaldi á Sauðárkróki í komandi Sæluviku, nánar tiltekið þriðjudaginn 30. apríl. Um er að ræða svokallaða heimatónleika, tónleika sem fara fram í heimahúsum eða á öðrum óhefðbundnum tónleikastöðum.

Fyrirkomulagið er þannig að sex til átta flytjendur halda 12 stutta tónleika á sex stöðum á einu kvöldi. Gestum býðst að kaupa einn aðgöngumiða sem gildir á alla þessa tónleika sem munu hefjast á mismunandi tímum til að gefa gestum kost á að sjá sem flesta. Í lok kvöldsins sameinast svo allt listafólkið á einn stað á lokatónleikum. Um er að ræða tónleikaform sem er mjög þekkt erlendis og hefur verið prófað hérlandis undanfarin ár, m.a. í Hafnarfirði, Reykjanesbæ og á Akranesi, og nú er komið að Sauðárkróki.



Fljótlega verður opinberað í hvaða heimahúsum verður leikið og hvaða listafólk mun koma fram, en þó er hægt að staðfesta að Jónas Sigurðsson verður þar á meðal, auk listafólks frá Skagafirði. Áhersla verður lögð á flutning á frumsömdu efni.

Að tónleikunum stendur Áskell Heiðar Ásgeirsson sem hefur mikla reynslu í tónleikahaldi og hefur m.a. staðið fyrir

Drangey Music Festival í Skagafirði og Bræðslunni á Borgarfirði eystra. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra.

Forsala hefst innan skamms og verður hún kynnt vel þegar þar að kemur. En þangað til er um að gera að taka þriðjudaginn 30. apríl frá fyrir fjölbreytta tónlistarupplifun. /AÐSENT

Ert þú næsti

VERKEFNASTJÓRI

hjá **SSNV**?

Við leitum að öflugum verkefnastjóra

SSNV, samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra auglýsa laust til umsóknar starf verkefnastjóra. Leitað er að drifandi, framsýnum og sjálfstæðum verkefnastjóra sem býr yfir einstökum hæfileikum í mannlegum samskiptum.

Við óskum eftir samstarfsfélaga sem hefur ástríðu fyrir uppbyggingu samfélagsins sem við búum í og vill taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem heyrja undir málaflokka landshlutasamtakanna. Við lofum góðu starfsumhverfi og metnaðarfullum verkefnum.

SSNV eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hjá SSNV starfar metnaðarfullt teymi sem vinnur af ástríðu fyrir samfélagið, fyrirtæki og fólk á svæðinu. Starfsstöðvar SSNV eru á Hvamnstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkrök.

Við leitum að einstaklingi sem vinnur með okkur að eflingu svæðisins og tekur þátt í spennandi vegferð og uppbyggingu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og víðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni víðkomandi til að gegna starfinu.

SSNV leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.

Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir: Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV (katrin@ssnv.is)

Helstu verkefni & ábyrgð

- Almenn verkefnastjórn og umsýsla verkefna.
- Umsjón með málaflokkum sem eru í áherslu hverju sinni.
- Samskipti við styrkþega, upplýsingamiðlun og önnur umsýsla.
- Almenn atvinnuráðgjöf og samskipti við hagaðila.

Menntunar- & hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórn.
- Haldbær þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga er kostur.
- Góð samskiptafærni og tölvukunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæðni.
- Framsýni og metnaður.
- Góð rit- og talfærni á íslensku og hæfni í framsetningu upplýsinga á aðgengilegan hátt.

Feykir

Útgefandi:
Nýprent ehf., Borgarföt 1, Sauðárkróki
Póstfang Feykis:
Hesteyri 2, 550 Sauðárkrókur
Ritstjóri & ábyrgðarmaður:
Óli Arnar Brynjarsson,
oli@feykir.is ☎ 771 7513
Blaðmenn:
Gunnhildur Gísladóttir gunnhildur@feykir.is
Sigríður Garðarsdóttir, [sigggag@nyprent.is](mailto:siggag@nyprent.is)
Klara Björk Stefánsdóttir, klara@nyprent.is
Prófaralestur:
Bláamenn og Fríða Eyjólfadóttir

Umbrot og prentun: Nýprent ehf.
Auglýsingastjóri:
Sigríður Garðarsdóttir, [sigggag@nyprent.is](mailto:siggag@nyprent.is)
Áskriftarverð: 725 kr. hvert tölublað m/vsk.
Lausafullverð: 880 kr. m.vsk.
Áskrift og dreifing:
Nýprent ehf. Sími 455 7171.



5690661666445

Óháð fréttablað á Norðurlandi vestra - alltaf á miðvikuðögum

ssnv

Sótt er um starfið á netfangið ssnv@ssnv.is

Umsóknarfrestur er til og með **26. mars 2024.**

**Við óskum
FERMINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn**



Suðurgötu 1 550 Sauðárkróki ☎ 410 4000



Borgarmýri 5 550 Sauðárkróki ☎ 453 5020



Hesteyri 2 550 Sauðárkróki ☎ 455 4560



Efstubraut 2 540 Blönduósi ☎ 452 7100
Hafnarbraut 7 530 Hvammstangi ☎ 693 0111 / 847 4363



Hesteyri 2 550 Sauðárkróki ☎ 455 4560



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Faxatorgi 550 Sauðárkróki ☎ 455 6010



Borgartúni 8 550 Sauðárkróki ☎ 453 5080



Iðnsveinafélag Skagafjarðar
☎ 897 3007



Borgarmýri 1
550 Sauðárkróki ☎ 453 5170



K R Ó K S V E R K

Skaröseyri 2 550 Sauðárkróki ☎ 453 5581



Borgarmýri 1 550 Sauðárkróki ☎ 545 6000



Birkimel 2 560 Varmahlíð ☎ 455 6020



Blöndustöð 541 Blönduósi ☎ 515 9000

Skagafjörður

Gamla frystihúsið á Hofsósi verður lóðrétt býli

Amber Monroe, fædd og uppalin í Bandaríkjunum, kom fyrst til Íslands árið 2017 og varð ástfangin af landinu. Þetta var einhvers konar „a-ha móment þar sem ég vissi að ég hefði fundið staðinn sem ég vildi vera á. Fólkið hérna er svo indælt og náttúran svo sérstök."

Fjölskyldan hennar býr í Georgíu, nálægt borginni Savannah. Amber er einkabarn foreldra sinna en á stóra fjölskyldu og mörg frændsystkini. Amber flutti til Íslands 2018 til að stunda mastersnám í vatnalífraði við Háskólann á Hólum. Þar rannsakaði hún áhrif vatnsgæða á steinbít, sem er mjög áhugaverður fiskur að vinna með. Amber er ein af starfsmönnum Háskólans á Hólum í dag.

Amber á fyrirtæki sem heitir Ísponica sem stofnað var árið 2021 í kjallara Hlöðunnar á Hólum. Um er að ræða lóðrétt býli sem er innandyraræktun sem notar vatnsfærði. Þetta þýðir að þau nota fiskavatt (fiskabúr) til þess að útvega næringarefni fyrir plönturnar sem þau rækta. Lóðrétt bú gerir þeim kleift að rækta grænmeti í hillum, sem þýðir að þú getur komið fyrir fleiri plöntum á sama stað. „Í augnablikinu er ég aðallega að einbeita mér að örgrænum (sprettum) og ætum blómum. Undanfarin ár höfum við oft verið í samstarfi við



Amber Moroe eigandi Ísponica. MYNDIR AÐSENDAR.


skóla eins og Háskólann á Hólum. Þetta gerir nemendum kleift að koma og gera rannsóknarverkefni um innilandbúnað með okkur. Það hefur verið mjög áhugavert og gaman að sjá nemendur þróa verkefni sín og fræðast um fisk og grænmeti.

Nú eru spennandi tímar framundan hjá fyrirtækinu á Hofsósi. „Ég er virkilega spennt fyrir því sem er að gerast á Hofsósi. Það var frábær byrjun fyrir Ísponica að vera á Hólum og fólkið í samfélaginu hefur stutt okkur mjög mikið. Ég er þakklát fyrir alla þá hjálp og hvatningu sem fólk hefur veitt okkur. Næsta skref er að Ísponica flytji yfir á Hofsós til að setjast að í fyrrverandi frystihúsi staðarins. Húsnæðið

er í eigu Geimur Geymslur og hafa þeir staðið sig frábærlega í endurbótum á svæðinu sem ætlaðar eru fyrir Ísponica. Draumurinn er svo að búa til stórt innibú sem framleiðir grænmeti og fisk. Í framtíðinni vonumst við til að opna kaffihús sem notar vörur sem ræktaðar eru hjá Ísponica og frá öðrum bændum á svæðinu. Það er auðvelt að ímynda sér að borða á kaffihúsi með disk af fersku salati og fiskisúpu og horfa út yfir hafið yfir í Drangey því þetta er svo fallegur staður."

„Það mun taka tíma að koma þessum hlutum í framkvæmd en mér finnst Hofsós vera frábær staður fyrir Ísponica að koma sér fyrir á. Ég vona að Ísponica verði til um ókomin ár (vonandi jafnvel löngu eftir að ég er farin!), svo tel ég mikilvægt að vera virk í samfélaginu og miðla upplýsingum til þeirra sem hafa áhuga á að vera upplýstir og innvoveraðir," segir Amber að lokum.

Það verður spennandi að fylgjast með þessu fyrirtæki sem á vonandi eftir að blómstra á nýjum stað á Hofsósi. /gg



Feykir skoðar fermingartískuna 2024

Glæsilegur fatnaður að vanda

Það er á mörgu að taka þegar kemur að fermingardeginum og er eitt af því að velja fermingarfötin fyrir stóra daginn. Þeim verslunum sem bjóða upp á fermingarfatnað fer fjölgandi og tala nú ekki um allar netverslanirnar, bæði innlendar og erlendar, sem er frábær þróun og eflaust eitt af því jákvæða sem kom út úr Covid faraldrinum. Ég mæli nú samt sem áður alltaf með því að fara og máta fötin áður en þau eru keypt svo fólk sleppi við allt vesenið sem fylgir því að skila og skipta ef flíkin passar ekki ef pantað er af netinu.

UMFJÖLLUN
Sigríður Garðarsdóttir

Í fermingartískunni eru tískustrumar eins og í öllu öðru þó svo að heilt yfir sé þetta nokkuð hefðbundið frá ári til árs. Við skulum kíkja á hvað NTC hf. hefur upp á að bjóða að þessu sinni en þeir hafa verið leiðandi á þessum velli í allmörg ár og lagt mikið á sig við að bjóða upp á gott úrval af fallegum fatnaði fyrir bæði stúlkur og drengi.

Loð og leðurjakkar sterkir inn

Fyrir ungu fallegu stúlkurnar eru kjólar mjög áberandi, þá helst hnésíðir úr léttum efnum eins og blúndu og siffoni. Litirnir eru ljósir, hvítt og ljós beige, og falleg blómamynstur sem minna helst á yndisleg sumarkvöld. Í ár sýnist mér vera allur gangur á hálsmálunum, v-hálsmál eða rúnað, sem nær þá alveg upp í háls eða niður á miðja bringu. Ermalengdin á kjólunum er frá því að vera ermalausir í að vera síðerma. Yfir fötin fara þær svo í leður- eða loðjakka, en þeir eru að koma sterkir inn núna fyrir fermingarnar.

Fyrir þær dömur sem þora að vera þínu öðruvísi þá hef ég séð bæði blúndubuxur, blúndu-skyrtur, síð satinpils ásamt síðkjólum úr bæði blúndu og satíni í ljósum efnum sem ég sjálf gæti alveg hugsað mér að eignast fyrir sumarið, ef það kemur þá eitthvað sumar í ár, við skulum vona það allavega.

Grófir skór og áberandi hárskraut

Með aukahlutunum og skónum er svo hægt að poppa upp hefðbunda dressið. Áberandi í ár eru grófir svartir ökkaskór en einnig sjáum við gróf stígvél sem ná rétt upp yfir kálfana sem setja skemmtilegan rokkarsvíp á heildar útkomuna. En að sjálfsögðu eru strigaskór einnig áberandi og er allur gangur á því hvernig þeir eru, nettir eða grófir, svo lengi sem þeir eru hvítir. Þær sem vilja og geta gengið á hælaskóm þá eru plain spariskór með kubba hæl og ökklabandi í ljósum litum málið. Til að setja punktinn yfir i-ð þá er hárskraut alltaf fallegt og eru stóru satinteyjurnar, stóru blómin og stóru slaufurnar í hárið eitthvað sem er sterkt inn núna, sem mér finnst algjört æði. Perlur um hálsinn og í eyrun eru svo til að fullkomna allt.

Jakkafötin áberandi í ár

Ungu strákarnir geta valið um að vera í dökkum jakkafötum þ.e. í svörtum, bláum eða gráum litum og þá er hvít skyrtu undir vinsælust. En ef þeir velja að fara í stakar buxur þá erum við að tala um dökkar gallabuxur eða chino buxur og er þá tilefni til að fara í svarta eða gráa skyrtu sem gæti alveg eins verið grófari en þessi hefðbunda jakkafataskyrta. Yfir þetta fer svo töff leðurjakki eða bomber jakki.

Vasaklútur í brjóstvasann algjört möst

Aukahlutir og skór fyrir strákana segir ég að við jakkafötin eiga þeir, allan daginn, að vera með slaufu eða bindi en nú er hins vegar algjört möst að vera með fallegan vasaklút í brjóstvasanum á jakkafatajakkannum. Ekki gleyma að kaupa fallegt belti svo herlegheitin

haldist nú uppi því ekki viljum við að drengirnir endi á nærfötunum því flestar mæður hugsa, „best að taka fötin aðeins of stór svo þetta passi nú alveg örugglega eitthvað út árið, vonandi fram að næstu jólum.“ Það nýjasta í herraskónum eru loafers skór en annars eru þeir í svipuðum anda og fyrri ár, grófir svartir eða brúnir ökkaskór eða strigaskór, helst hvítir. Hér hefur notagildið verið í fyrirrúmi þegar farið er í að velja fermingarskó á strákana. Það er úr af því að á þessum árum stækka þeir svo hratt eða eins og arfi í beði.

Að lokum segir ég bara gangi ykkur vel í undirbúningnum.

Ég óska fermingarbörnunum á Norðurlandi vestra til hamingju með daginn, munið bara að njóta.

MYNDIR: STEFANÍA LINNET | GALLERÍ 17
www.ntc.is



Fermingargreiðslur

Slegið liðað hár og hárskraut

Margar stúlkur hafa safnað hári lengi til að geta gert eitthvað fallegt í hárið þegar kemur að sjálfum fermingardegnum og eflaust mikið búið að leita af réttu hárgreiðslunni.

Feykir fór á stúfana og kíkti á Pinterest og vó hvað það er mikið til af skemmtilegum hugmyndum þarna inni sem hægt er að gera í sítt hár. Hér sjáid þið nokkrar útfærslur og gaman að sjá að alls konar fléttur eru vinsælar um þessar mundir, svo má ekki gleyma hárskautilinu. /sg



MYNDIR TEKNAR AF PINTEREST OG ANDREA.IS



ÍPRÓTTAFRÉTTIR

1. deildin Tindastóll - Hamar/Pór P. 63-77

Hörð baráttan allan leikinn



Það var frábær mæting í stúkuna í Síkinu þegar Stólastúlkur tóku á móti Hamar/Pór Þorlákshöfn, föstudaginn 16. mars, í hörkuleik um toppsæti deildarinnar, lokatölur 63-77 fyrir Hamar/Pór P.

Stelpurnar stóðu sig frábærlega þar sem slegist var um alla bolta. En það voru erfiðar mínútur í þriðja leikhluta sem gerðu útslagið um leikinn. Þær náðu samt að klóra í bakkann í þeim fjórða sem dugði því miður ekki til að þessu sinni.

Stigaskorið að þessu sinni var þannig að Andriana var með 16 stig, Brynja Líf setti 14 stig, Ifunanya Okoro var með 13 stig, Emese Vida var með

nú stig, Eva Rún var með sex stig og Inga Sigurðardóttir var með fimm stig.

Næsti leikur hjá stelpunum er þriðjudaginn 26. mars kl. 18:00 á móti ÍR í Skógarseli, Reykjavík.

Þegar þetta er skrifað eru strákarinnir í meistaraflokki karla ekki búnir að spila undanúrslitaleikinn í VÍS bikarnum á móti Álftanesi en hann er í Laugardalshöll, þriðjudaginn 19. mars kl. 17:15.

Nú er bara að biðja til körfuboltaáttanna og vona að þeir vinni þennan leik svo þeir komist í úrslitaleikinn.

Áfram Tindastóll! /sg

LÖGREGLAN

Útivistartími

Barna og ungmenna yngri en 16 ára

Frá 1. september til 1. maí

12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20

13-16 ára mega ekki vera úti eftir kl. 22

Foreldrar, verum samitaka!

Frá 1. maí til 1. september

12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22

13-16 ára mega ekki vera úti eftir kl. 24

Skv. barnaverndarlögum mega börn ekki vera á almannafæri utan útivistartíma nema í fylgd með fullorðnum, unglingar 13-16 ára mega þó vera á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



FERMINGAGJAFIR

og fleira



Znen R8



Kr. 349.900,-

50cc bensín fjörgengisvespa. Bein innspýting, minni mengun, minni eyðsla. 12 tommu felgur. Frábær í skólann og snattið. Litir: Rautt eða svart.



S1



Kr. 219.900,-

Flott rafmagnsvespa í snattið og skólann. 60V/900W öflugur mótör með 60 km. drægni. Hleðsla: 6-8 tímar. Hraði: 25 km/h. Litur: Svart.

KAYO
AU180



Kr. 479.000,-

180 kúbika sjálfskipt fjórhjól með rafstarti og bakkgrí. 10" felgur. Sætishæð 74 cm. Þyngd 105 kg. 5,5 lítra bensíntankur. L 157 x B 102 x H 103 cm. 10 hestöfl á 8000 rpm.

KAYO
TD125



Kr. 299.000,-

125 kúbika fjörgengis 4 gíra með kikkstarti. 14/12 tommu felgur. Sætishæð 80 cm. 69 kg. 5,5 lítra bensíntankur. 8 hestöfl á 8000 rpm.

KAYO
TT140



Kr. 339.000,-

140 kúbika fjörgengis 4 gíra með kikkstarti. 17/14 tommu felgur. Sætish. 85,5 cm. 73 kg. 5,5 lítra bensínt. 10,2 hestöfl á 7500 rpm.

UFORCE 1000



Kr. 3.290.000,-

UForce buggybílinn er 3 manna og hentar bæði í leik og störf. Þægilegur að ferðast í og góður vinnubíll með palli. Fjörgengis, tveggja cylindra, 963cc. 71 hestafl. Rafmagnstýri, bein innspýting, spil, dráttarkrókur, 40 l. tankur. Tvöföld A-armafjöðrun, hátt og lágt drif með læsingu. 14" felgur, 27 tommu dekk. Heildarþyngd 690 kg. Traktorsskráður.

CFORCE 625



Kr. 1.599.000,-

Fjörgengis, eins cylindra, 580cc, 40 hestöfl/6750rpm. Rafmagnstýri, bein innspýting, spil, dráttarkrókur. Tvær kraftstillingar, nýr tvöfaldur A-armur með sjálfstæð fjöðrun, öll fjögur hjólin með vökvadrifnum diskabremsum. Sjálfstæð A-armafjöðrun, Hátt og lágt drif með læsingu. 18 l. bensíntankur, vökvabremsur, 12 tommu álfelgur. Litur: Rautt eða felulitir.

CFORCE 850



Kr. 1.919.000,-

Fjörgengis, tveggja cylindra, 800 cc, 60 hestöfl á 7250rpm. Rafmagnstýri, bein innspýting, spil, dráttarkrókur. Sjálfstæð A-armafjöðrun að framan, Trailing arm að aftan. Hátt og lágt drif með læsingu að framan og aftan. 30 l. bensíntankur, vökvabremsur, 14 tommu álfelgur, 447 kg. Tveggja manna. Traktorsskráð. Litur: Grátt eða felulitir.



Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi / Sími 557 4848 / www.nitro.is



Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1 / 550 Sauðárkrókur

Þórður Karl Gunnarsson

„Kaldsvitnaði yfir að muna ekki trúarjátninguna“

Þórður Karl Gunnarsson fæddist á Siglufirði á því herrans ári 1985 en flutti svo á Krókinn árið 1990. Þórður, sem býr í Eyrartúninu á Sauðárkróki, er giftur Arneyju Sindradóttur og eiga þau saman þrjú börn, þau Gunnar Atla, Ólaf Bjarna og Eldeyju Sif. Foreldrar Þórðar eru Auður Haraldsdóttir og Gunnar Björn Rögnvaldsson. Þórður vinnur á Stoð verkfræðistofu ehf.

Hvar og hvenær fermdist þú? Í Sauðárkrókskirkju þann 28. mars 1999 hjá sr. Guðbjörgu Jóhannesdóttur.

Manstu eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni? Já, ég átti góðan dag með fjölskyldu og ættingjum á fermingardaginn. Kyrrðarstundirnar á miðvikudagskvöldum eru mér minnisstæðar þar

sem mann átti til að syfja ansi hratt en þangað mætti maður til að uppfylla kirkjumætingu. Annars var fermingarfræðslan ágæt. Ég man að ég kaldsvitnaði yfir því að muna ekki trúarjátninguna, enda voru fullorðnir búnir að hræða fermingardrenginn með að ekkert yrði af fermingunni ef maður færi ekki með hana rétt í kirkjunni.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan? Ég var í svörtum jakkafötum úr 17 og grárrí skyrtu í yfirstærð með svart bindi.

Hvar var fermingarveislan haldin? Hún var haldin á efri hæð Framsóknarhússins við Suðurgötu.

Hvað bauðstu upp á í fermingarveislunni? Strangheiðarleg kökuveisla, með öllum helstu hnallþórunum. Ég man allavega eftir kransaköku, marsípänköku og englamarengs.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma? Mig langaði óskaplega í PC-



Þórður geggiður í gráu yfirstærðarskyrtunni.

tölvu á þessum tíma. Það varð ekkert af því en ég eyddi öllum

fermingarpeningunum mínum í eina. Það var líklega með vitlausari ákvörðunum sem ég hef tekið á ævinni, enda úreltust tölvur fljótt á þessum tíma.

Hver er eftirminnilegasta gjöfin? Ég fékk amerískt rúm, sæng og kotta frá foreldrum mínum, fullt af peningum frá ömmu og afa á Sigló og svo fékk ég LAVA-lampa sem var hrikalega töff á þessum tíma.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan? Ef ég set mig í spor fermingardrengsins þennan dag þá voru það gjafirnar. En horft til baka þá myndi ég segja návist vina og ættingja.

Ef þú ættir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óskagjöfin? Ég myndi velja tweed jakkaföt og hvíta skyrtu, skó og belti sem mundi tóna við. Djammferð með vinahópnum Gargólýtunum til útlanda, gefið að ég sé að fermast 39 ára gamall.

velaval.is
alltaf opin!

Þú finnur fermingargjöfina hjá okkur!

Mikið úrval reiðfatnaðar og reiðtygja

Sendum
um land
allt!



Kaupfélag Vestur-Húnavetninga

Nýi kaupfélagsstjórinn

Í byrjun janúar tók Þórunn Ýr Elíasdóttir við starfi kaupfélagsstjóra Kaupfélags Vestur-Húnavetninga en forveri hennar var Björn Líndal Traustason. Þórunn Ýr kemur frá Reykjavík, var ættleidd frá Kóreu, og ólst upp í Breiðholti.

Eiginmaður hennar heitir Guðni Már Egilsson og eiga þau sex börn, þrjú tengda börn og átta barnabörn. Þegar Þórunn Ýr kláraði framhaldsskóla lagði hún stund á nám við Háskólann í Reykjavík þar sem hún útskrifaðist með diplómu í fjármálum og rekstri.



Þórunn Ýr kaupfélagsstjóri KVH. MYNDIR AÐSENDAR.

VIÐTAL
Sigríður Garðarsdóttir

Foreldrar hennar, Elías Kristjánsson og Lísbet Bergsveinsdóttir, áttu heildverslunina Kemis ehf. þar sem Þórunn Ýr fékk mikla reynslu í rekstri fyrirtækis því þar starfaði hún í yfir þrjátíu ár sem bæði rekstrar- og síðar fjármálastjóri. Þá átti hún og rak blómaverslun í Breiðholti og var svo skrifstofu- og fjármálastjóri hjá Samhjálp sem á og rekur bæði meðferðarstofnun og áfangaheimili fyrir fólk með áfengis- og fíknivanda. Þegar hún flutti á Garðavegin á Hvammstanga hóf hún störf hjá Húnaþingi vestra þar sem hún starfaði við bókhaldsstörf áður en hún tók við sem kaupfélagsstjóri KVH nú í byrjun árs 2024.

Í tilkynningu sem kom frá KVH eftir að Þórunn var ráðin sagði hún, "Kaupfélagið stendur frammi fyrir ýmsum breytingum eins og flestir hafa tekið eftir og eins hafa hraði og breytingar í viðskiptalífni og samfélaginu öllu búið til nýjar áskoranir fyrir tilvist kaupfélagsins sem á sér farsæla sögu frá upphafi síðustu aldar. Ég tek við starfinu með eftirvæntingu og hlakka til að bæta í starfsmannahóp KVH og takast á við allar þær áskoranir sem starfinu fylgja. Þakklæti fyrir sýnt traust á verkefninu er mér líka ofarlega í huga á þessum tímamótum"

Feykir náði tali af Þórunni og lagði fyrir hana nokkrar spurningar.

Hvernig kom það til að þú tókst við sem kaupfélagsstjóri

KVH? Ég heyrði að fyrrum kaupfélagsstjóri væri búinn að segja starfi sínu lausu, sendi póst á stjórnina bæði til að fá upplýsingar um starfið og láta vita að ég væri opin fyrir samtali við þau ef þau hefðu áhuga. Þau boðuðu mig svo seinna á fund og buðu mér svo starfið.

Hvað finnst þér skemmtilegast við starfið? Eiginlega bara allt, það er í mörg horn að líta. Fjármál, innkaup, mannaforráðin, húsaviðhald, samstarfssamningar o.fl. o.fl. sem hentar mér mjög vel. Mér finnst gott að vera með marga bolta á lofti og geta aðeins svissað á milli verkefna yfir daginn.

Hvað starfa margir hjá KVH í dag? Fastir starfsmenn eru nítján en allt í allt erum við um 40 með öllum, þar meðtalin starfsmenn í tímavinnu og ræstingarfólk.

Ertu búin að gera margar breytingar innan KVH síðan þú tókst við? Kannski ekki búin að breyta miklu en það er búið að skerpa aðeins á nokkrum hlutum, loka fyrir frystiklefa, sem reyndar var í vinnslu þegar ég tók við, endurvakið heimasíðuna, hagrætt í ýmsum föstum útgjaldaliðum og svona eitt og annað sem gerist bakvið tjöldin.

Helstu áhugamál? Ég er mikill lestrarhestur en svona á seinni

árum þá tek ég lestrarskorpur. Finnst gaman að ferðast þó það gerist mis mikið af því.

Ekki sleppur Þórunn Ýr við fermingarspurningar í þessu fermingarblaði Feykis og fer vel á því að forvitnast um hvað hún hafi fengið í fermingargjöf. „Ég fékk mikið af skartgripum, og hljómflutningsgræjur."

Hvað var eftirminnilegast við fermingardaginn þinn? Það er svo sem ekkert eitthvað eitt sérstakt en ég man vel eftir þessum degi og hann var bjartur og fagur og mér þykir alltaf vænt um þennan dag.

Áttu/notar þú eitthvað af því sem þú fékkst í fermingargjöf í dag? Ég á eitthvað af skartgripunum ennþá en nota þá ekki.



Þórunn Ýr í kringum fermingaraldurinn.

Við óskum
FERINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn



Borgarteigi 15 550 Sauðárkróki ☎ 455 6200 www.skv.is



Borgarmýri 1 550 Sauðárkróki ☎ 453 5433 www.stettarfelag.is



Suðurbraut 9 565 Hofssósi ☎ 455 4692



Ráðhúsinu við Skagfirðingabraut ☎ 455 6000 www.skagafjordur.is



SAUÐÁRKRÖKUR · BLÖNDUÓS · HVAMMSTANGI
REYKJAVÍK · AKUREYRI
☎ 455 9200 www.tengillehf.is



Borgarflöt 19a 550 Sauðárkróki ☎ 867 5007 www.myndun.is



Skaröseyri 2 550 Sauðárkróki ☎ 453 5581



Skagfirðingabraut 6 550 Sauðárkróki
☎ 453 6166



Húnabyggð
www.hunabyggd.is

HLÍÐARKAUP

Akurhlíð 1 550 Sauðárkróki ☎ 453 6166



Eyrvægi 21 550 Sauðárkróki ☎ 455 6600



Hesteyri 2 550 Sauðárkróki ☎ 455 7171 www.feykir.is



Skagfirðingabraut 29 ☎ 453 6666 550 Sauðárkrókur



www.hsn.is

HEITASTA GJÖFIN | klara@nypprent.is

Steindór Árnason

„Kaffiboð af bestu gerð og pottþétt boðið upp á sígó líka“

Steindór Árnason trillukall er fæddur á Króknum og átti heima á Reykjum á Reykjaströnd fyrstu æviárin.

Steindór býr núna í gamla læknishúsinu í Skógargötunni á Króknum ásamt henni Jónu sinni. Steindór var til í að rifja upp fermingardaginn.

Hvar og hvenær fermdist þú? Fermdist í Sauðárkróskirkju árið 1975. Og klerkurinn hét Tómas Sveinsson ef ég man rétt.

Manstu eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni?

Minningarnar frá deginum og fermingarfræðslunni eru nú aðeins farnar að rykfalla, en finnst eins og það hafi ekki verið mjög mikill

spenningur fyrir að mæta í þetta en það þurfti samt að gera. Held ég hafi lært þarna trúarjátninguna t.d. og kann enn, undarlegt en satt.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan?

Fermingardessið var að sjálfsögðu í takt við tiskustrauma þess tíma. Múnderingin var fjólublár finn flauelsjakki, ljósar buxur, hvít skyrtu með einhvers konar rauðum doppum og þykkbotna, marglitir skór með háum hæl, já og svo risastór þverslaufa. Hárgreiðslan var önnur en ég nota í dag.

Hvar var fermingarveislan haldin? Veislan var heima.

Hvað bauðstu upp á í fermingarveislunni?

Kaffiboð af bestu gerð og pottþétt



Steindór sæll og glaður í fermingarmyndatökunni með risastóru þverslaufuna sem var partur af dressi fermingardagsins.

boðið upp á sígó líka.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma?

Mikið af gjöfum, hljómtækja-samstæða, hellingur af pening og fleira.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan?

Mér finnst ekki ólíklegt að mesti spenningur dagsins hafi verið fyrir gjöfunum, en viðurkenni það samt alls ekki.

Ef þú ættir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óskagjöfin?

Ef ég væri að fara að fermast núna þá myndi ég klæða mig öðruvísi, samt ekki viss hvernig. Svo væri líklega lágmarkskrafa að fara fram á Iphone síma eða álika.



KÞ LAGNIR

óskar

fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn!

Við sjáum um veisluna!



Allt eftir þínum óskum:
Heitir réttir, snittur, smaréttir,
brauð og pestó, tertur af öllu tagi,
risa kleinhringir o.fl.

Fallegar og gómsætur fermingar-
tertur á frábæru verði!

- BÓKARTERTA 30 manna kr. 24.000
- KRANSAKAKA 18 hringir f. 45-50 manna, kr. 26.000
- SÚKKULAÐITERTA 30 manna kr. 24.000
- MARENSKAKA 20 manna kr. 15.100
- SÚKKULAÐIKREMKAKA kr. 12.500

Gerum hvað sem ykkur dettur í hug!
T.d. sykurmassa! Ýmislegt
fleira gott og girnilegt
í fermingarveisluna!



Aðalgata 5 · 455 5000 · bakaripanta@gmail.com

Varmahlíðarskóli

Nemendur kynna hugmyndir sínar

Þann 26. febrúar kynntum við nemendur í 5 - 7. bekk í Varmahlíðaskóla hugmyndir okkar um hvernig við viljum hafa skólalóðina. Við buðum foreldrum okkar, skólaliðunum í skólanum vegna þess að þeir þekkja skólalóðina svo vel, og síðast en ekki síst, sveitarstjóranum í Skagafirði, **Sigfúsi Inga**.

Í kjölfar kynningarinnar hafði formaður sveitarstjórnarinnar Einar Eðvald Einarsson samband við skólastjóran og lagði til að við myndum velja minni leiktæki sem hægt væri að færa á milli ef að skólalóðinni verður breytt seinna. Við nemendur gerðum könnun og spurðum nemendur hvaða leiktæki þeir vildu helst fá (mynd af könnun). Við nemendur höldum fund og völdum niðurgráfin trampólín, köngulár-rólu og hringekju.

Við nemendur Varmahlíðarskóla vonum að við fáum betri leiktæki til dæmis aparólu og kastala sem fyrst.

/Frétt eftir Hrólfi Lévi Traustason, Eddu Björgu Einarasdóttur, Sigrúnu Sóllilju Eyþórsdóttur, Baldur Freyr Einarsson, Sigríði Önnu Pálsdóttur og Sigríði Elvu Elvarsdóttur.



Leikvöllurinn á skólalóð Varmahlíðarskóla. MYNDIR AÐSENDAR



Sigfús Ingi, sveitarstjóri, á fundi með nemendum Varmahlíðarskóla.



Niðurstöður könnunar sem nemendur skólans framkvæmdu.

Norðurland vestra

Sautján verkefni fengu styrk úr húsafriðunarsjóði

Alls bárust 241 umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði árið 2024. Veittir voru styrkir til 176 verkefna. Úthlutað var 297.600.000 kr., en sótt var um ríflega 1,3 milljarð króna. Sautján verkefni frá Norðurlandi vestra fengu styrk og var heildarupphæðin 27,2 millj. kr. Hæsti styrkurinn fór til Skagafjarðar en það var Silfrastaðakirkja (fjórar millj.) sem hefur verið í uppgerð á Sauðárkróki síðan í október 2021. Næst hæsti styrkurinn var 3 m.kr., Sýslumannshúsið við Aðalgötuna á Blönduósi og verkefnið Torfhús í Húnavatnssýslum og Fornverkaskólinn: viðhald handverkshefða fengu bæði 2,5 m.kr.

Friðlýstar kirkjur

Auðkúlukirkja 541 Blönduósi - 900,000
Gamla kirkjan á Blönduósi - 500,000
Holtastaðakirkja 541 Blönduósi - 2.000,000
Silfrastaðakirkja 561 Varmahlíð - 4.000,000
Þingeyraklausturskirkja 541 Blönduósi - 500,000

Friðað húsnæðing

Gamla sæluhúsið, Hveravöllum 540 Blö. - 1.400,000

Gamli læknabústaðurinn 540 Blö. - 1.000,000
Gamli Spítali Blönduósi 540 Blö. - 1.200,000
Kúlukvíslarskáli, Auðkúluheiði 540 Blö. - 900,000
Óspakseyri, kaupfélagshús, Bitrufirði 500 Staður - 1.500,000

Pétursborg, Brimslóð 2-6, Blönduósi 540 Blönduósi - 1.500,000

Sýslumannshúsið, Aðalgata 6, Blö. 3.000,000

Önnur húsnæðing og mannvirki

Hús Sigurðar Pálmasonar, Brekkugata 2, 531 Hvammstanga. - 1.000,000
Norðurbraut, vegasjoppa, Hvammstanga 530 Hvammstanga - 800.000
Tyrningsstaðir á Kjálka í Skagafirði - 561 Varmahlíð - 2.000.000

Rannsóknir og húsnæðing

Fornverkaskólinn: viðhald handverkshefða - 2.500.000
Torfhús í Húnavatnssýslum - 2.500.000

Nánar um úthlutunina er hægt að skoða á vefslóðinni https://www.minjastofnun.is/static/files/Styrkir/2024_husafriidunarsjodur-styrkir.pdf

Við óskum
FERMINGARBÖRNUM
til hamingju með daginn



Sæmundargötu 1 550 Sauðárkróki ☎ 453 5900



Strandgötu 1 530 Hvammstanga ☎ 455 2300



rhend.is



Við Skagfirðingabraut 550 Sauðárkrókur ☎ 455 1100



Sæmundargötu 1 550 Sauðárkróki ☎ 848 7497



Hvammstangabraut 5 530 Hvammstanga ☎ 455 2400

Grettistak
VEITINGARHeimavist FNV
550 Sauðárkróki
☎ 860 9800

Sláturhús KVH ehf

Norðurbraut 24
530 Hvammstanga
& 455 2330

BYGGÐASTOFNUN

Sauðarmýri 2 550 Sauðárkróki ☎ 455 5400



Pverbraut 1 540 Blönduósi ☎ 452 4932



Ártorgi 1 550 Sauðárkróki ☎ 455 4500



Borgarflöt 3 550 Sauðárkróki ☎ 898 7122 / 892 4569

Jóhannes Björn Þorleifsson

„Það var sólríkur og fallegur dagur í Blönduhlíðinni eins og svo oft áður“

Jóhannes Björn Þorleifsson er frá Þorleifsstöðum í Akrahreppi en býr í B24 í 560 Varmahlíð með Margréti sinni og tveimur dætrum þeirra, Emmu og Áróru. Jóki eins og hann er gjarnan kallaður, vinnur í Flokku á Sauðárkróki og Förgu í Varmahlíð. Við fengum Jóka til að rifja upp sitthvað um ferminguna sína.

Hvar og hvenær fermdist þú?
Á Miklabæ á hvítasunnu þann 31. maí 1998. Það var sólríkur og fallegur dagur í Blönduhlíðinni eins og svo oft áður.

Manstu eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni?

Fermingin var óvenjuleg að því leyti að við vorum ekki í fermingarkirtlum. Annars var þetta nokkuð hefðbundið.

Fermingarfræðslan fór að mestu fram í matreiðslustofunni í Varmahlíðarskóla. Svo var eftirminnilegt fermingarbarnamót á Löngumýri.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan?


Ég var í íslenska hátíðarbúningnum, stórglæsilegum. Hann er ennþá til á Þorleifsstöðum, held ég. Hann hefur í seinni tíð verið lánaður út á fermingardrengi, t.d skartaði Siggí Kúskur honum á sínum tíma. Þegar kemur að hárinu þá þykir mér líklegt að Kolla Ingólfs hafi bjargað því sem hægt var.

Hvar var fermingarveislan haldin?
Veislan var haldin í Héðinsminni.

Hvað bauðstu upp á í fermingarveislunni?

Það var eitthvert hlaðborð. Naut, svín og lamb, svo kökur.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma?



Hér er Jóhannes á fermingardaginn sjálfan í Miklabæjarkirkju, stórglæsilegur í íslenska hátíðarbúningnum.

Held að það hafi verið fermingargræjurnar. Suma sem aðhylltust hestamennsku dreymdi um hnakk.

Hver er eftirminnlegasta gjöfin?

Þær voru nokkrar. Til að nefna eitthvað þá fékk ég svona vasaúr af gamla skólanum.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan?

Ætli það hafi ekki verið fermingarathöfnin sjálf, annars var dagurinn allur hinn ánægjulegasti og fór nokkuð vel fram.

Ef þú ættir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óskagjöfin?

Bara klassísk jakkaföt og spariskór, er ekki alveg að skilja þetta dæmi að menn fermist í hvítum strigaskóm. Óskagjöfin væri nýtt sjónvarp.

Frábært úrval prentlausna

Límmiðar, stafræn prentun, állok, álfilmur, áprentuð pökkunarfilma, plastkort, brottfaraspjöld, aðgöngumiðar og margt fleira.



Vörumerking

(TÓN-LYSTIN) gunnhildur@feykir.is

Aldís Fjóra Borgfjörð Ásgeirsdóttir | söngur

„Gjörsamlega elskaði Svínið með Ríó Tríó“

Nú er það söngkonan og lagahöfundurinn Aldís Fjóra Borgfjörð Ásgeirsdóttir sem opnar fyrir okkur tónlistarkistuna sína. Aldís er fædd og uppalin á Borgafirði eystra og býr nú í Reykjavík. Aldís á þrjá eldri bræður og tenging hennar við Skagafjörð kemur frá Heiðari bróður hennar sem hefur búið lengi á Sauðárkróki. Aldís bjó á Sauðárkróki í tvö ár og vann við Frístundadeildina í elsku félagsmiðstöðinni Frið á sínum tíma.

Þegar Aldís er spurð út í hennar helstu tónlistarfræk kemur í ljós að hún hefur gefið út tvær sólóplötur, *Shadows* árið 2020 og *Pipedreams* árið 2023, hefur spilað á Bræðslunni, sungið bakraddir hjá Emilíönu Torrini á Drangey Music Festival og rétt fyrir jólin komst lagið hennar og Halldórs Sveinssonar, *Quiet the Storm*, í fyrsta sæti á Vinsældarlista Rásar tvö. Þá liggur beinast við að hefja spurningar og byrja á því að vita- **Hvað er á döfinni?** „Ég er að koma fram á frábærum Austfirðingatónleikum í Bæjarbíói 9. mars, er að hita upp fyrir Hrabby vinkonu mína, sem var að gefa út plötu, þann 21. mars, og svo eru nokkur verkefni á Norður- og Austurlandi sem ekki er búið að tilkynna. Síðan er ég að leika með að búa til tónlist með uppáhalds tónlistarmönnum mínum, sem er alltaf spennandi ferli.“

Hvaða lag varstu að hlusta á? „*Stanslaust Stud* með Páli Óskari.“

Uppáhalds tónlistartímabil? „70's og 90's – Svo mikið af fjölbreyttri tónlist og endalausum tilraunum.“

Hvaða tónlist fær þig til að sperra eyrun þessa dagana? „Vinur minn er búinn að vera að kynna mig fyrir Louis Cole síðasta árið og er það algjörlega sturluð tónlist sem vekur öll skynfæri. Svo eru margir vinir mínir að gera geggjaða hluti þessa dagana og ég er búin að hlusta mikið á lögin *Þúsund skyssur* með Hildi og *Alice* með Kjerúlf. Mæli með!“



Aldís Fjóra á tónleikum. MYNDIR AÐSENDAR



Hvaða lag er í uppáhaldi akkúrat núna? „*October sky* með Yebba er alveg límt í hausinn á mér og hefur verið um talsvert skeið.“

Ef þú gætir valið þér söngvara til að syngja með dúett, hvaða söngvara vildirðu syngja með og hvað lag tækjuð þið? „Það yrði *Skin* í *Skunk Anansie* og ég væri til í að syngja með henni *Charlie Big Potato* eða *Tracy's Flaw*, bæði með *Skunk Anansie*. Þessi lög væri svo geggjað að öskursyngja með henni.“

Hvers konar tónlist var hlustað á á þínu heimili? „Það var alveg rosalega mikið úrval þegar ég var lítil, þar sem ég er yngst og á þrjá eldri bræður og var algjörsvampur á alls konar tónlist. Mamma hélt mikið upp á *Bítlan* og pabbi heldur upp á *Elvis*. Svo voru til plötur með *Ríó Tríó*, *Savanna Tríóinu* og *Ingimar Eydal* og ég tók líka ástfóstri við plötu með lögum úr *Litlu Hryllingsbúðinni* sem ég hlustaði endalaust á. Heiðar bróðir kynnti mig fyrir *Rut Reginalds*, *Stjórinni*, *Mini Pops* og fullt af 80's dóti og Magni bróðir minn kom með *Metallica*, *Pearl Jam*, *No Doubt* og allt þar á milli til mín og sá um þungarokks- og grunge hluta uppeldisins.“

Hver var fyrsta platan/diskurinn/kasettan/niðurhalið

sem þú keyptir þér? „Ég keypti *New Kids on the Block* plötu af eldri frænku minni þegar ég var svona tíu ára. Ég man varla eitt lag af henni en fannst þeir bara svo rosalega kúl.“

Hvaða græjur notaðirðu þá? „Það var *Sony* eining heima með plötuspilara, kasettutæki og útvarpi. Rosalega hentugt þegar ég var alltaf að taka upp á kasettu úr útvarpinu.“

Hvaða lag getur eyðilaggt fyrir þér daginn (eða fer óstjórlega í taugarnar á þér)? „Sem söngkennari og söngkona er ég búin að kenna, syngja og hlusta á *Shallow* aðeins oft í lífinu. Það kannski eyðileggur ekki daginn en það bætir hann ekkert sérstaklega mikið.“

Þú heldur dúndurpartí í kvöld, hvað læturðu hljóma í græjunum til að koma öllum í stuð? „Mjög góð spurning!! Ég held að *Dancing on my own* með *Robyn* myndi henta sem allra flestum, annars á ég dúndur danspartý lista á *Spotify* sem myndi bara allur fara í gang!“

Þú vaknar í rólegheitum á sunnudagsmorgni, hvað viltu helst heyra? „*Emilíönu Torrini* og *Damien Rice*.“

Hvaða Bítlag hefðir þú viljað hafa samið / hvað er svona spes við það / eða er eitthvað annað sem þú hefðir viljað hafa samið? „Það eru tvö bítalög – *Girl*, sem nær mér alltaf og það er einhver dásamleg melankólía í því, og *Across the Universe*, af því það er svo mikil von í því.“

Þú átt þess kost að fara hvert sem er í heiminum og skella þér á tónleika. Hvert færirðu, á hvaða tónleika og hvern tækirðu með þér? „Ég væri til í að fara á tónleika í *Red Rock Amphitheatre* í *Colorado* á margra daga tónlistarhátíð, þar sem *Skunk Anansie*, *Adele*, *Tim Christensen*, *Taylor Swift*, *Beyoncé*, *Tom Waits*, *Billie Eilish*, *Finneas*, *Kaizers Orchestra*, *Harry Styles*, *Portishead* og *Justin Timberlake* kæmu fram ásamt fleirum og ég myndi helst bara taka alla vini mína með mér sem myndu vilja koma með og búa til eitt heljarinnar partý þar.“

Hvað músík var helst blastað í bílnum þegar þú varst ný-komin með bílpróf? „*Muse* var rosa fast í spilaranum, ásamt dramatískum öskursöngslögum. Ég var og er enn svo mikil alæta að það var alveg skipt á milli *Muse*, *Pottþétt '99*, *Svona* er *Sumarið* diskanna og *Cranberries* mjög reglulega. Vissulega fengu *Backstreet boys*

og *Spice Girls* líka að heyra oft.“

Hvaða tónlistarmaður hefur þig dreymt um að vera (eða haft mest áhrif á þig)? „*Skin* í *Skunk Anansie*, *Emilíönu Torrini* og *Alanis Morissette* hafa haft mest áhrif á mig. Tilfinningin þeirra í söngnum og textunum þeirra fara algjörlega beint í hjartastað og í tárakirtla. Þær opnuðu líka fyrir mér að það mætti alveg hafa hátt og taka pláss í þessum söngkonuheimi.“

Hvaða plata hefur skipt mestu máli í þínu lífi og hvers vegna? „Vá stór spurning! Ég myndi segja að *Croucie d'oula*, fyrsta plata *Emilíönu Torrini*, hafi haft langmestu áhrif á litlu mig og ég hlustaði á hana stanslaust og hef mjög oft sungið lögin sem eru á henni opinberlega, *Dummy* með *Portishead* opnaði algjörlega nýjar tilfinningar hjá mér og einhvern veginn hefur alltaf stóran stað í hjartanu og *Post Orgasmic Chill* með *Skunk Anansie* hjálpar mér alltaf í gegnum erfiða tíma.“

Var tónlist í fermingarveislunni þinni? „Ég man að ég spilaði á þverflautu í fermingunni minni og fermingarsystir mín á altflautu, en ég bara get ekki munað hvaða lag. Það voru bara hinir hefðbundnu sálmar annars í fermingunni.“

Hvað er eftirminnilegast frá fermingardegnum? „Það var bara sjúklega gott veður og gaman. Mér fannst að vísu svo stórkostlega skrítið að hafa marsípantertu, þar sem ég borða ekki marsípan, en það var voða falleg terta samt. Ég fékk líka fyrstu myndavélina mína og var gjörsamlega myndaóð með hana næstu ár.“

toppurinn

Sex mest spiluðu lögin í síma Aldísar Fjólu:

What could have been
STING, RAY CHEN**Tracys Flaw**
SKUNK ANANSIE**Sunflower**
POST MALONE**Vertu úlfur**
EMILÍÖNU TORRINI**Whispering at the top**
of my lungs
TIM CHRISTENSEN**Delicatessen**
KAIZERS ORCHESTRA**Soon we'll be found**
SIA

Arna Ingimundardóttir

„Auðvitað hárlokkur sitthvoru megin við andlitið“

Arna Ingimundardóttir er frá Sauðárkróki og býr í Íðutúninu á Króknum og er gift Jóhanni Helgasyni og eiga þau saman fjögur börn. Arna er ljósmóðir, vinnur í mæðravernd á HSN Blönduósi og á fæðinga-deildinni á sjúkrahúsinu á Akureyri.



Arna í fermingamyndatökunni.

Hvar og hvenær fermdist þú? Ég fermdist í Sauðárkrókskirkju á skírdag þann 28. mars 2002.

Manstu eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni? Já, ég man ágætlega eftir bæði fermingunni og fermingarfræðslunni. Ég var svo heppin að vera í fermingarfræðslu hjá séra Guðbjörgu Jóhannsdóttur. Hún náði svo vel til okkar krakkanna, gerði fermingarfræðsluna skemmtilega og ég hugsa til hennar með mikilli hlýju. Fermingardagurinn sjálfur var mjög spennandi. Byrjaði reyndar með smá stressi því ég fór á hárgreiðslustofu þar sem átti að greiða mér, ég beið ansi lengi áður

en mér var greitt og endaði með því að ég þurfti að klæða mig í finu fötin inni á klósetti á hárgreiðslustofunni og hljóp svo yfir í safnaðarheimili þar sem allir voru tilbúnir. Rétt náði fyrir athöfnina í kirkjunni. En frábær dagur.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan? Hárið var hálf uppsett með krullum og liðum hér og þar, nokkur hvít lítil blóm sem skraut og

auðvitað hárlokkur sitthvoru megin við andlitið. Smá maskari á augnhárin, annars ekkert máluð. Fermingardressið var hvítt. Hvítur blúndukjöll sem náði niður á kálfa, hvítar blúnduermar yfir og hvítir opnir sparískór með þykkum botni. Minnr að flestar stelpurnar hafi fermst í hvítum eða ljósum fötum.

Hvar var fermingarveislan haldin? Fermingarveislan var haldin heima hjá mér í Ártúni 5. Það var búið að setja stóla og borð í öll herbergi og öll horn í húsinu.

Hvað bauðstu upp á í fermingarveislunni? Ég þurfti nú að spyrja mömmu að þessu og það var ansi margt. Það var graflax, laxafrauð, blandaðir sjávarréttir, rækjufrauð, nautapottréttur, svínahamborgarhryggur, heitreyktar lambalundir, lambalæri og meðlæti s.s. sósur og salöt. Síðan voru í eftirrétt alls konar kökur t.d. ísterta, súkkulaðikaka, jarðaberjarterta og kransakaka. Ég er viss um að enginn hefur farið svangur heim.

Hver var heitasta gjöfin á þeim

tíma? Heitasta gjöfin á þeim tíma voru líklega græjur til að spila geisladiska, rúm og peningur.

Hver er eftirminnlegasta gjöfin? Líklega gjöfin frá foreldrum mínum en ég fékk frá þeim m.a. húsgögn í herbergið t.d. stórt skrifborð með stórri hillu fyrir ofan, náttborð og hornhillu.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan? Ég held að kjöllinn og hárið hafi staðið upp úr. Það var sjaldan sem maður hafði keypt svona heilt dress sem maður valdi sjálfur og farið í greiðslu. Leið eins og prinsessu. Síðan auðvitað gjafirnar en maður fékk svo mikið af gjöfum og mikinn pening að ég man eftir að hafa verið afar þakklát í lok dags.

Ef þú ættir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óskagjöfin? Ég held að það yrði aftur hvítur kjöll fyrir valinu eða jafnvel dragt. Kannski veldi ég frekar íþróttaskó við finu fötin eins og er í tísku í staðinn fyrir óþægilega bandaskó. Óskagjöfin væri annaðhvort nýtt rúm eða nýr sími.

Hamingjuóskir með daginn

Kaupfélag Skagfirðinga óskar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með áfangann

Kaupfélag Skagfirðinga

Kaupfélag Skagfirðinga | Ártorgi 1 | 550 Sauðárkróki | © 455 4500

Nýprint ehf. | 2021

Ærni Ísar Bjarkason Væri geggjað að fá nýjan síma



Ærni Ísar Bjarkason verður fermdur í Hofsósskirkju þann 25. maí. Ærni Ísar býr í Sætúinu á Hofsósi og foreldrar hans eru Emma Sif Björnsdóttir og Bjarki Már Árnason.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Það hafa bara verið mamma og pabbi sem hafa séð um það.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður í Oddfellow-húsinu á Sauðárkróki og kannski 120-130 manns boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum? Já, ég ætla að hafa kjúklingasúpu og meðlæti og svo verður líka grjónagrautur - það borða hann allir.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Nei, við erum ekki byrjuð að skoða þau.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Playstation 5 tölva, nýr skjár og það væri geggjað að fá nýjan síma.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Ég hef bara ekki hugmynd.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni eigin veislu? Já, ég hef farið í nokkrar, en mig langar bara til að eiga skemmtilegan dag með fjölskyldunni minni og vinum mínum. /SG

Jakob Ásgeirsson Myndi bjóða Stephen Curry eða Andrew Tate

Jakob Ásgeirsson verður fermdur af sr. Sigríði Gunnarsdóttur í Sauðárkrókskirkju þann 19. maí. Jakob býr á Grundarstígnum á Sauðárkróki og er sonur Ásgeirs Hannesar Aðalsteinssonar og Huldu Gunnarsdóttur.



Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Erum búin að fá húsnaði fyrir veisluna. Boðskort í undirbúningi.

Hvar verður veislan haldin? Í mötuneyti FNV en veit ekki hversu mörgum er boðið því við erum ekki búin að senda út boðskort.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum? Ekki alveg en ostborgarar, carbonara pasta, gos og kaffi. Annað er óákveðið.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Nei.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? PC-tölva, körfuboltakarfa, ferð til útlanda, peningur.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Ég myndi örugglega bjóða Stephen Curry eða Andrew Tate.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni eigin veislu? Hef farið í nokkrar. Fjölskyldutími. /SG

Herdís Rós Elvarsdóttir Fermist í hvítum kjól og nike skóm



Herdís Rós Elvarsdóttir býr í Viðihlíðinni á Króknum. Herdís Rós verður fermd í Sauðárkrókskirkju þann 24. mars af sr. Sigríði Gunnarsdóttur. Foreldrar hennar eru Elvar Már Jóhannsson og Sigríður Ósk Bjarnadóttir.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Bara ákveða hvernig þetta á að vera og græja kort og svo bara baka þegar nær dregur.

Hvar verður veislan haldin? Hún verður í Höfðaborg á Hofsósi og boðnir eru nánustu ættingjar og vinir.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum? Já, smáréttir og kökur.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, hvítur kjóll með blúnduermum og hvítir nike skór við.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Útlandaferð, pening og bara eitthvað.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Sigurjón Örn Böðvarsson, söngvari og tannlæknir, því hann er frændi minn.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni eigin veislu? Já, hef farið í margar veislur, ég veit það ekki. /SG

Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir Verður með matarveislu

Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir býr í Laxárdal í Húnaþingi vestra og foreldrar hennar eru Jóna Guðrún Ármannsdóttir og Jóhann Ragnarsson. Jóhanna verður fermd 24. mars í Hvammstangakirkju af sr. Magnúsi Magnússyni.



Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Við fórum á fermingarbarnamámskeið í Vatnaskógi í ágúst, síðan var helgarfræðsla í október, söfnuður fyrir vatnsverkefni Hjalparstarfs kirkjunnar í nóv. Tókum þátt í aðventustundum í desember. Hittum prestinn í janúar til að undirbúa munnlegt próf sem við tókum svo í febrúar og síðan var lokafræðsluhelgi núna í mars. Og ekki má gleyma tíu mætingar í messu í vetur.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í skólahúsinu á Borðeyri í júní og rúmlega 100 manns verður boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum? Nei, en það verður matarveisla og líklega verðum við með lambakjöt, kjúkling, ístertu og súkkulaðiköku á eftir.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, er búin að kaupa hvítan kjól og hvíta strigaskó.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Sími, fartölva og ferð til útlanda.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Cristiano Ronaldo af því hann er besti fótboltamaður allra tíma.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni eigin veislu? Ég hef farið í nokkrar fermingarveislur en man ekki eftir neinu sérstöku. /SG

Greta Berglind Langar að vera með kahoot í veislunni



Greta Berglind verður fermd í Hóladómkirkju þann 23. júní. Greta á heima á bóndabæ í Hjaltadalnum sem heitir Garðakot og er dóttir Jakobs Smára Pálmasonar og mamma hennar heitir Katharina Sommermeier en er yfirleitt kölluð Rína.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Það hefur gengið mjög vel hingað til. Við erum búin að versla föt, ákveða þema og kaupa slatta af skrauti. En það er samt ennþá margt ógert.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í Grunnskólanum að Hólum og ég myndi segja að það væri mörgum boðið af því að ég á mjög stóra fjölskyldu.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum? Við ætlum mjög líklega að hafa kjúklingasúpu eða einhverja súpu.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, ég ætla að vera í hvítum kjól.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Ég veit ekki alveg, en örugglega eitthvað sem tengist hestum t.d. beisli. En svo er líka bara frábaert að fá pening.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Sko ég myndi ekki endilega vilja bjóða einhverjum sem ég þekki ekki vel. En ef ég byrfti að velja þá væri það líklega Taylor Swift, af því að ég er algjör Swiftý (aðdáandi).

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni eigin veislu? Já ég fór í sex til átta fermingar í fyrra og mig langar mjög mikið til þess að hafa kahoot. /SG

Viktor Daði Ingason Langar í utanlandsferð í fermingargjöf

Viktor Daði Ingason býr á Marbæli í Skagafirði og foreldrar hans eru Ingi Björn og Elma Hrönn. Sr. Sigríður Gunnarsdóttir sér um ferminguna sem verður þann 30. mars í Glaumbæjarkirkju.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Það hefur bara gengið vel með hann.

Hvar verður veislan haldin? Í Héðinnsminni og boðið eitthvað 70-80 manns.

Er búið að ákveða hvað verður á matsæðlinum? Held svínakjöt og lambakjöt, kannski mini pizzur og svo einhverjar kökur og kleinuhringir.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, svört jakkaföt.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Utanlandsferð, flotta tölva og pening.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Veit það ekki, dettur engan sérstakan í hug.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeim veislum sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni eigin veislu? Já hef farið í nokkrar, hef séð svona nammibar og ætla að hafa svoleiðis. /SG



Matarbloggarinn Hildur Ómarsdóttir

Hefur verið vegan sl. sjö ár

Að þessu sinni var ákveðið að taka nýja stefnu þegar komið var að því að velja matarbloggara í viðtalsefni fyrir Fermingarfeyki þetta árið. Hugmyndin var að finna einhvern iðinn bloggara sem er vegan og var haft samband við Hildi Ómarsdóttur sem tók vel í. Hildur er tveggja barna móðir, uppskriftasmiður og lærður umhverfis- og byggingaverkfræðingur. Hennar ástríða er að útbúa góðan mat sem gleður augað sem og líkamann en hún er alin upp sem grænmetisæta og varð vegan á fullorðinsárum.

UMSJÓN
Sigríður Garðardóttir

Hildur hefur vakið mikla athygli fyrir Instagram síðu sína, @hilduromarsd, þar sem hún deilir meðal annars veganuppskriftum en Hildur var greind með krabbamein í janúar 2022 og var mjög opin með allt ferlið þar. Eftir að hafa gengið í gegnum lyfjameðferð, sem ekki bar árangur, tók hún ákvörðun um að afþakka frekari lyfjameðferð og leita náttúrulegra leiða að lækningu.

„Þetta hefur verið mesti skóli lífs míns og í raun alveg

stórkostleg uppgötvun í því hversu máttugur líkaminn er með réttu verkfærin í höndunum.“

Hildur hefur t.d. ekki smakkað fisk né kjöt og fannst útilokað að borða dýr. „Ég er þakklát fyrir að hafa lært þetta sem barn því það er erfðara að aflæra eitthvað,“ segir Hildur.

En hvenær kviknaði áhuginn fyrir matargerð eða er hann meðfæddur? „Alls ekki meðfæddur, mér hefur alltaf þótt



gott að borða en að elda var ekki áhugamál fyrr en ég neyddist til að byrja að elda eftir að ég flutti að heiman.“

Hefur þú líka áhuga á annars konar matargerð? „Ég hef áhuga á allri matargerð úr hráefni úr jurttaríkinu.“

Hver var kveikjan að því að setja upp bloggið? „Þegar ég sagði fólki að ég væri grænmetisæta voru svo margir sem spurðu mig að því hvað ég borðaði eiginlega. Ég átti erfitt með að svara þessari spurningu því það var svo margt, mér datt þá í hug að það væri auðveldast að sýna frá því sem ég borða á Instagram miðlinum mínum, sem vakti mikinn áhuga, og

úr varð að ég hélt því áfram og held nú úti matarbloggi bæði á Instagram og á heimasíðu minni.“

Hefur þú boðið upp á námskeið? „Já ég hef haldið spírunámskeið þar sem ég og vinkona mín fræddum fólk um eiginleika spíra og kenndum fólki að spíra spíru heima hjá sér.“

Hver eru upphalds verkin í eldhúsinu? „Að elda.“

Hvert er upphalds tólið þitt í eldhúsinu? „Blandarinn minn! Gæti ekki lifað án hans.“

Hefur þú gefið út matreiðslubók eða er slíkt í farvatninu? „Ekki ennþá en það er aldrei að vita hvað gerist.“

Hvað með þinn fermingardag, er hann minnisstæður? „Já hann er minnisstæður. Ég fermdist borgaralega í Háskólabíói og ég er ekki frá því að ég hafi fullorðnast alveg helling á þeim degi.“

Það er ekki hægt að skilja við Hildi Ómarsdóttur án þess að fá hjá henni góðar uppskriftir sem vonandi einhverjir geta nýtt sér fyrir fermingarveislurnar já eða bara fyrir notalega stund heima í góðra vina hópi.

Hildur heldur ekki bara úti Instagram miðlinum @hilduromarsd og heimasíðunni hilduromars.is heldur hefur hún einnig verið gestaboggari á Gerum daginn girnilegan sem Feykir mælir eindregið með að fólk kíkí á.

Hollar kókoskúlur

2 bollar ferskar döðlur
½ bolli möndlur
½ bolli valhnetur
1/3 bolli kakó duft
1/3 bolli kókosolla
½ bolli kókos
(+auka til að velta upp úr)
1 msk. chia fræ

matvinnsluvél og myljið niður í smátt kurl. Bætið svo kakóinu, kókos og chia frænum út í matvinnsluvélina og blandið í nokkrar sekúndur. Síðast eru döðlurnar steinhreinsaðar og þeim bætt út í matvinnsluvélina ásamt kókosolíunni og öllu blandað vel saman. Mótið svo litlar kúlur og veltið upp úr kókos. Ef þú átt ekki bollamál geturu notað, miðað við einn bolla, u.þ.b. 2 dl í staðinn.

Aðferð: Byrjið á að setja möndlur og valhnetur í



Ostasalat

- 1 tsk. papríkukrydd
- 1 tsk. laukduft
- 1/4 tsk. cayenne pipar
- 1 epic major vegan ostur
- 1 lítil papríka (2 dl smátt skorin)
- 2 dl smátt skorinn þúrrulaukur (eða vorlaukur)
- 2 dl smátt skorin rauð vínber
- 3/4 dl ananaskurl (reyna að láta sem mestan vökva renna af)



Aðferð: Ostur, grænmeti og vínber skorin smátt og svo er öllu blandað saman. Smakkið til og saltið eftir þörf.

Appelsínu- og súkkulaðihrákaka

Botn:

- 2 dl pekanhnetur
- 2 dl valhnetur
- 3 msk. kakó
- 15 ferskar döðlur (steinhreinsaðar)
- safi úr 1/2 appelsínu
- 1 msk. bráðið kakósmjör (eða kókosolía)

Súkkulaðifylling:

- 200 g kasjúhnetur, ég nota lífrænar frá Rapunzel
- 1 dl bráðið kakósmjör (eða kókosolía)
- 1 dl hlynsíróp
- 3 msk. kakó
- 1 1/2 tsk. vanilluduft
- 2 dl kókosmjólk

Appelsínufylling:

- 200 kasjúhnetur, ég nota lífrænar frá Rapunzel
- 1 dl bráðin kókosolía
- 1 dl hlynsíróp
- 1 tsk. vanilluduft
- hýði af tveim lífrænum appelsínum
- safi úr tveim appelsínum
- 1 dl kókosmjólk
- 4-6 dropar af hreinni appelsínu ilm kjarnaolíu, valfrjálst

Súkkulaðisósa:

- 1/2 dl kakó
- 0,75 dl kókosolía
- 0,75 dl hlynsíróp
- 4-6 dropar af hreinni appelsínu ilm kjarnaolíu, valfrjálst

Aðferð: Byrja þarf að leggja kasjúhneturnar, sem fara í sitthvora fyllinguna, í bleyti í vatn, í a.m.k. fjórar klst., eða yfir nótt. Útbúið botninn með því að setja hneturnar og kakó í matvinnsluvél og mylja niður í kurl. Bætið svo við steinhreinsuðum döðlum, kakósmjöri og appelsínusafa. Smyrjið kökuform með kókosolíu og þjappið botninum í kökuform, hér nota ég 20 cm mót. Komið mótinu fyrir



inni í frysti á meðan þið framkvæmið næsta skref. Útbúið svo súkkulaðifyllinguna með því að koma öllum hráefnum fyrir í blandara ásamt bræddu kakósmjöri (eða kókosolíu), ágætt að bræða kakósmjör (eða kókosolíu) yfir vatnsbaði þar sem það á ekki að sjóða. Blandið vel saman þar til slétt. Hellið nú fyllingunni yfir kaldann botninn og komið forminu aftur inni í frysti. Útbúið nú appelsínufyllinguna, eins og fyrra skrefið, öllum hráefnum komið fyrir í blandara ásamt bræddri kókosolíu og blandað þar til áferðin er orðin slétt. Þegar súkkulaðifyllingin hefur aðeins kólnað og rennur ekki til í forminu við það að hreyfa formið má hella appelsínufyllingunni yfir og koma forminu aftur inni í frysti. Nú er kakan í tilbúin en þarf a.m.k. sex til átta tíma, eða nótt, til að harðna í gegn. Takið kökuna út úr frysti 30-40 mínútum áður en hana skal bera fram. Á meðan beðið er eftir að kakan þyðni aðeins er súkkulaðisósan útbúin með því að bræða saman kakó, kókosolíu og hlynsíróp yfir vatnsbaði og hræra vel. Bætið svo appelsínudropum út í og hrærið vel. Sósuna má bera fram heita með kökunni eða hella yfir kökuna en þá mun hún harðna. Kökuna skal geyma í frysti.

Sykurlaus döðlukaka

- 350 g döðlur
- 300 ml plöntumjólk
- 9 msk. (u.þ.b. 1 dl) aquafaba (kjúklíngabaunavökví úr dós)
- 1 tsk. lyftiduft
- 1/2 tsk. matarsódi
- 1 tsk. vanilludropar
- 2 dl kókosmjólk
- 1/2 dl hafframjól
- 1/2 dl hveiti
- 1/4 tsk. salt
- 85 g pekanhnetur
- 100 g oatly hrein yogurt
- 1 msk. kakó

Aðferð: Byrjum á að þeyta aquafaba í skál. Sjóðið döðlur í potti með plöntumjólkinni og stappið stöðugt í pottinum þar til þetta er orðið að döðluklístri/mauki. Saxið hneturnar smátt. Blandið öllu saman, skellið í hringlaga 20 cm form, bakið við 180°C í 40 mín. Hvolfið úr forminu og toppið kökuna með berjum og kókos. Fyrir extra lúxus má þeyta vegan rjóma með.



Aspasbrausréttur



- 4 msk. olía
- 6 sléttar msk. hveiti
- 1 teningur jurtakraftur
- 5 dósir hvítur aspas safi úr u.þ.b. 1,5 dós af ananasinum
- 2 pelar oatly imat rjómi
- 1 askja rjómaostur oatly (má sleppa)
- 1 tsk. sítrónupipar
- 1/4 tsk. hvítur pipar
- 1/2 tsk. jurtafalt
- 10 brausneiðar

Aðferð: Bakið upp hveitjafning með því að hita olíuna ásamt hveitinu í potti, passið að hræra vel allan tíman. Þegar hveitið og olían eru farin að þykkna bætið þá aspasafta út í smátt og smátt

og hrærið allan tímann. Þegar vökvanum er bætt úti þykknar hveitjafningurinn fyrst í kekki en jafnar sig svo með meiri vökva. Rjóma og rjómaosti er svo bætt út í ásamt aspasinum og kryddum. Leyfið þessu að malla í u.þ.b. 15 mínútur eða lengur. Smakkið til og saltið eða bætið við kryddum eftir smekk. Skerið niður brausneiðarnar í minni bita og komið fyrir í eldföstu móti. Hellið svo aspafjafningnum yfir og blandið saman við brausbitana. Bakið í ofni við 180°C í 20 mínútur. Hækkið svo hitann í 200°C og bakið í fimm mínútur í viðbót.

Þáskahrákaka með mangóbragði



- Fyrir botninn:**
- 2 bollar pekanhnetur
 - 1 bolli möndlur
 - 15 ferskar döðlur
 - hnífsoddur salt

- Fyrir fyllinguna:**
- 4 bollar frosið mangó
 - 1/2 bolli hlynsíróp
 - 1 1/2 - 2 bollar feit jurtamjólk (ikaffe oatly eða kókosmjólk)
 - 1/2 bolli kókosolía (bráðin)
 - 2 bollar kasjúhnetur
 - safi úr 2 appelsínum
 - safi úr 1-1 1/2 sítrónu

Skreyta með fallegum ávöxtum: Ég notaði ferskt mangó, jarðarber, blæjuber og appelsínusneiðar.

Aðferð: Byrjið á að setja pekanhnetur og möndlur í matvinnsluvél og myljið að kurl, bætið svo steinhreinsuðum ferskum döðlum og hnífsoddi af salti út í. Þjappið mulningnum í kökuform, ég nota 20 cm form. Setjið allt sem á að fara í fyllinguna í blender og blandið þar til orðið slétt. Hellið í kökuformið og setjið kökuna inni í frysti. Leyfið kökunni að harðna í allavega fjóra klukkutíma eða yfir nótt. Takið kökuna út úr frysti 30 - 40 mínútum áður en kakan er borin fram og skreytið með fallegum ávöxtum.

Fermingar 2024

Fermingarbörn á Norðurlandi vestra

Hér birtir Feykir nöfn þeirra barna sem fermast á Norðurlandi vestra.

Lesendur eru beðnir að athuga að ekki er víst að listinn sé tæmandi þar sem aðeins eru birt nöfn þeirra barna sem gáfu leyfi fyrir nafnbirtingunni.

Feykir sendir fermingarbörnum hamingjuóskir með áfangann!

Fermingar í Skagafjarðarprestakalli

Flugumýrarkirkja, laugardaginn 23. mars kl.11:00.
Sigurbjörg Svandís Guttormsdóttir
Grænumýri, 561 Varmahlíð

Sauðárkróskirkja, pálmisunnudag 24. mars kl. 11:00.
Aron Darri Svavarsson

Íðutún 25, 550 Sauðárkrókur

Aron Þorsteinn Arason

Bárustíg 11, 550 Sauðárkrókur

Baldur Elí Ólason

Brekktúni 1, 550 Sauðárkrókur

Björgvin Smári Arnarsson

Hólavegi 36, 550 Sauðárkrókur

Bríet Axelsdóttir

Kleifatúni 8, 550 Sauðárkrókur

Emilía Ragnheiður Barðdal Róbertsdóttir

Ártúni 17, 550 Sauðárkrókur

Fannnís Hildur Elvarsdóttir

Víðigrund 7, 550 Sauðárkrókur

Gígja Rós Bjarnadóttir

Kvistahlíð 1, 550 Sauðárkrókur

Herdís Rós Elvarsdóttir

Víðihlíð 27, 550 Sauðárkrókur

Hjördís Halla Þórarinsdóttir

Nautabúi, 551 Sauðárkrókur

Natalía Rós Víktorsdóttir

Víðihlíð 13, 550 Sauðárkrókur

Snæbjörn Aron Erluson

Víðimýri 10, 550 Sauðárkrókur

Thelma Ósk Rúnarsdóttir

Grenihlíð 3, 550 Sauðárkrókur

Hofsstaðakirkja, skírdag 28. mars kl. 11:00.

Gísli Frank Traustason

Syðri Hofdölum, 551 Sauðárkrókur

Hofsósskirkja, skírdag 28. mars kl. 14:00.

Vígnir Ingvi Einarsson

Sætúni 6, 565 Hofsós

Sauðárkróskirkja, laugardaginn fyrir páska, 30. mars kl. 11:00.

Ásthildur Una Björgvinsdóttir

Fellstúni 12, 550 Sauðárkrókur

Atli Snær Ívarsson

Raftahlíð 31, 550 Sauðárkrókur

Baltasar Bogi Stefánsson

Víðimýri 10, 550 Sauðárkrókur

Björgvin Orrí Maginnis

Feyjugötu 43, 550 Sauðárkrókur

Gígja Glóðís Gunnarsdóttir

Freyjugötu 42, 550 Sauðárkrókur

Hrafnhildur Kara Halldórsdóttir

Raftahlíð 35, 550 Sauðárkrókur

Snæfríður Áskelsdóttir

Brekktúni 10, 550 Sauðárkrókur

Glaumbæjarkirkja, laugardaginn fyrir páska, 30. mars kl. 14:00.

Ólöf Helga Ólafsdóttir

Grófargili, 561 Varmahlíð

Víktor Daði Ingason

Marbæli, 561 Varmahlíð

Tinna Björg Brynjarsdóttir

Bústöðum, 561 Varmahlíð

Hóladómkirkja, laugardaginn fyrir páska, 30. mars kl. 14:00.

Brynhildur Kristín Þorsteinsdóttir

Nátthaga 14, 551 Sauðárkrókur

Reynistaðarkirkja, laugardaginn fyrir páska, 30. mars kl. 12:30.

Ísleifur Eldur Þrastarson

Birkihlíð, 551 Sauðárkrókur

Reykjakirkja, laugardaginn fyrir páska, 30. mars kl. 15:00.

Fjölpir Þeyr Marinósson

Litladal, 551 Sauðárkrókur

Reynistaðarkirkja, sumardagurinn fyrsti 25. apríl kl. 11:00.

Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir

Stóru-Gröf syðri, 551 Sauðárkrókur

Reynistaðarkirkja, laugardaginn 18. maí kl. 11:00.

Heiður Fanney Stefánsdóttir

Stekkholti, 551 Sauðárkrókur

Sauðárkróskirkja, hvítasunnudag 19. maí kl. 11:00.

Alexandra Ósk Viðarsdóttir

Suðurgötu 7, 550 Sauðárkrókur

Alexandra Wang Þórólfssdóttir

Háuhlíð 2, 550 Sauðárkrókur

Atli Fannar Andrésson

Laugatúni 7, 550 Sauðárkrókur

Ágúst Ingi Benediktsson

Skagfirðingabraut 9, 550 Sauðárkrókur

Daníel Guðni Gunnarsson

Nestúni 5, 550 Sauðárkrókur

Fannar Örn Káráson

Móbergi, 550 Sauðárkrókur

Hafþór Ingi Brynjólfsson

Fagraberg, 551 Sauðárkrókur

Inga Rún Sigurðardóttir

Bárustígur 6, 550 Sauðárkrókur

Jakob Ásgeirsson

Grundarstíg 1, 550 Sauðárkrókur

Jóhann Elís Sigurðsson

Skagfirðingabraut 39, 550 Sauðárkrókur

Katla Maren Þorsteinsdóttir

Smárgrund 9, 550 Sauðárkrókur

Nelly Elísabet Thoroddsen

Víðimýri 6, 550 Sauðárkrókur

Styrmir Snær Rúnarsson

Hvannahlíð 2, 550 Sauðárkrókur

Víktoría Ösp Viðarsdóttir

Suðurgötu 7, 550 Sauðárkrókur

Víðimýrarkirkja, hvítasunnudag 19. maí kl. 11:00.

Haraldur Hjalti L. Bjarnason

Furulundi 6, 560 Varmahlíð

Jón Trausti Sigurðsson

Ytra-Vatni, 561 Varmahlíð

Rakel Sonja Ámundadóttir

Birkimel 10, 561 Varmahlíð

Flugumýrarkirkja, hvítasunnudag 19. maí kl. 14:00.

Friðrik Logi H. Knútsson

Réttarholti/Suðurgötu 6, Sauðárkrókur

Matthías Guðmundsson

Glóðeyri, 551 Sauðárkrókur

Sævar Óli Ólason

Háagerði 79, 108 Reykjavík

Hofsósskirkja, hvítasunnudag 19. maí kl. 13:00.

Særós Erla Jóhönnudóttir

Presthúsabraut 35, 300 Akranesi

Hofsósskirkja, laugardaginn 25. maí kl. 11:00.

Árni Ísar Bjarkason

Sætúni 7, 565 Hofsós

Glaumbæjarkirkja, laugardaginn 8. júní kl. 13:00.

Árni Dagur Sigurgeirsson

Reynimelur 38, 107 Reykjavík

Hofsósskirkja, þjóðhátíðardagurinn 17. júní kl. 14:00.

Dagmar Helga Helgadóttir

Kirkjugötu 9, 565 Hofsós

Íris Lilja Magnúsdóttir

Kárastíg 16, 565 Hofsós

Hóladómkirkja, sunnudagurinn 23. júní kl. 14:00.

Gréta Berglind Jakobsdóttir

Garðakoti, 551 Sauðárkróki

Betty Lilja Hjörvarsdóttir

Laufkoti, 551 Sauðárkróki

Fermingar í Húnavatnsprestakalli

Hvammstangakirkja, pálmisunnudag 24. mars kl. 11.00.

Prestur sr. Magnús Magnússon.

Aníta Rós Brynjarsdóttir

Hvammstangabraut 39, 530 Hvammstangi

Ari Karl Káráson

Hjallavegi 6, 530 Hvammstangi

Benedikt Logi Björnsson

Kolugili, 531 Hvammstangi

Bríet Anja Birgisdóttir

Melavegi 16, 530 Hvammstangi

Hafþór Ingi Sigurðsson

Hvammstangabraut 41, 530 Hvammstangi

Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir

Laxárdal 3, 500 Staður

Holtastaðakirkja, pálmisunnudag 24. mars kl. 14.00.

Prestur sr. Bryndís Valbjarnardóttir.

Ragnar Ari Halldórsson

Skriðulandi, 541 Blönduós

Blönduóskirkja, skírdag 28. mars kl. 13:00.

Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir.

Anna Rakel Jóhannsdóttir

Grund, 541 Blönduósi

Arnar Bent Heiðarsson Evensen

Mýrarbraut 17, 540 Blönduósi

Benedikt Þór Einarsson

Hlíðarbraut 13, 540 Blönduósi

Bella Lind Stenlund

Hlíðarbraut 4, 540 Blönduósi

Karen Björt Þórðardóttir

Sunnubraut 6, 540 Blönduósi

Natalía Rán Skúladóttir

Mýrarbraut 15, 540 Blönduósi

Pingeyrakirkja, laugardaginn 30. mars kl. 13:00.

Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir.

Magnús Ólafsson
Sveinsstöðum, 541 Blönduósi

Þórunn Marthína Pálmadóttir
Árholti, 541 Blönduósi

Bólstaðarhlíðarkirkja, annan í páskum 1. apríl kl. 14.00.

Prestur sr. Bryndís Valbjarnardóttir.

Emilía Sigurbjörg Þórsdóttir

Brúarhlíð, 541 Blönduós

Víktor Már Víðisson

Barkarstaðir, 541 Blönduós

Víðidalstungukirkja, sunnudaginn 14. apríl kl. 11.00.

Prestur sr. Magnús Magnússon.

Helgi Freyr Guðmundsson

Enniskoti, 531 Hvammstangi

Höskuldsstaðakirkja, laugardaginn 20. apríl kl. 13:00.

Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir.

Guðbjörg Lilja Sighvatsdóttir

Hlíðarbraut 9, 540 Blönduósi

Blönduóskirkja, laugardaginn 27. apríl kl. 13:00.

Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir.

Aron Örn Ólafsson

Mýrarbraut 33, 540 Blönduósi

Brynleifur Þór Þorsteinsson

Lerkigrund 3, 300 Akranesi

Hlynur Örn Ólason

Sunnubraut 2, 540 Blönduósi

Sóley Birna Elmarsdóttir

Hólabraut 11, 540 Blönduósi

Valdimar Logi Guðmannsson

Hlíðarbraut 1, 540 Blönduósi

Porkell Sigurðsson

Hnjúkabyggð 27, 540 Blönduósi

Hólaneskirkja, hvítasunnudag 19. maí kl. 13.00.

Prestur sr. Bryndís Valbjarnardóttir.

Aníta Ýr Gunnarsdóttir

Ránarbraut 18, 545 Skagaströnd

Emilía Marey Einarsdóttir

Fellsbraut 4, 545 Skagaströnd

Ísak Andri Jónsson

Ránarbraut 18, 545 Skagaströnd

Jón Benedikt Tischleder Jensson

Brandaskarð, 546 Skagaströnd

Patrik Máni Róbertsson

Bogabraut 19, 545 Skagaströnd

Súsanna Valtýsdóttir

Hólabraut 12, 545 Skagaströnd

Ylfa Fannnís Hrnannarsdóttir

Suðurvegur 10, 545 Skagaströnd

Hvammstangakirkja, hvítasunnudag 19. maí kl. 11.00.

Prestur sr. Magnús Magnússon.

Ayanna Manúela Alves

Lindarvegi 5c, 530 Hvammstangi

Emelía Íris Benediktsdóttir

Hvammstangabraut 20, 530 Hvammstangi

Svínavatnskirkja, laugardaginn 1. júní kl. 13:00.

Prestur sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir.

Gunnar Dóri Ingibjörnsson

Tindum, 541 Blönduósi

Melstaðarkirkja, sunnudaginn 9. júní kl. 11.00.

Prestur sr. Magnús Magnússon.

Inga Lena Apel Ingadóttir

Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstangi

Ertu að fara í fermingu?

Þjónusta, verslun, starfsemi og störf í okkar heimabyggð eru samfélaginu mikilvæg.

Eflum okkar svæði og verslum fermingargjafirnar heima.

*Verum snjöll
verslum heima*



MYNDAKASSAR FYRIR FERMINGUNA

Fullkomið í heimahús
og veislusali.

Einfalt í uppsetningu.



VIÐBURÐASTOFA
NORÐURLANDS

VIDBURDASTOFA.IS



Kjarninn

Við þjónustum bílinn þinn

Tjónaskoðun Cabas

Erum með samninga
við öll tryggingfélög.

Erum með bilanagreininir

fyrir flestar tegundir bíla,
einnig vörubíla og traktora.



Bilaverkstæði

Bilaverkstæði KS - Hesteyri 2 - 550 Sauðárkróki - Sími 455 4570



Eva María

„Man lítið úr fermingunni sjálfri fyrir utan hláturskast á vandræðalegu augnabliki“

Eva María er frá Siglufirði og býr í Birkihlíðinni á Sauðárkróki. Eva er gift Birni Magnúsi og eiga þau fjögur börn á aldrinum 7-17 ára. Hún vinnur á Heilbrigðisstofnun Norðurlands vestra á Sauðárkróki en er í veikindaleyfi eins og er.

Hvar og hvenær fermdist þú?

Í apríl árið 2000 í Siglufjarðarkirkju.

Manstu eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni?

Man ekkert eftir fræðslunni og lítið úr fermingunni sjálfri fyrir utan hláturskast á vandræðalegu augnabliki.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan?

Ég var í örstuttum hvítum kjól með bláum blómum, hvítum þykkum

skóm og með hárið uppsett.

Hvar var fermingarveislan haldin? Í Slysavarnarhúsinu á Sigló.

Hvað bauðstu upp á í fermingarveislunni?

Það var kalkúnn og meðlæti ásamt öllum heimsins tegundum af kókum.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma?

GSM sími.

Hver er eftirminnlegasta gjöfin? Nokia 5110 sími og utanlandsferð.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan?

Að komast úr blessuðum kjólnum og aftur í íþróttavölinn.

Ef þú ættir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri óskagjöfin?

Ætli ég myndi ekki velja fallega dragt, eitthvað látaust og myndi vilja upplifun í gjöf.



Eva María og fjölskylda á góðri stundu.



Skagfirskir gæðaostar

Goðdalir eru heitið á gæðaostunum Feyki, eldri bróður hans Feyki 24+, Gretti, Reyki og Vesturós. Hver um sig kinkar kolla til Skagafjarðar á sinn einstaka hátt.



Mjólkursamlag KS

Skagfirðingabraut 51 Sauðárkróki Sími 455 4600 www.ks.is

Gígja Glódís Gunnarsdóttir**Langar í hest og hnakk í fermingargjöf**

Gígja Glódís Gunnarsdóttir verður fermd í Sauðárkróskirkju þann 30. mars. Gígja Glódís býr á Freyjugötunni á Króknum og foreldrar hennar eru Gunnar Smári Reynaldsson og Klara Björk Stefánsdóttir.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Eittumst einu sinni í viku, á þriðjudögum, í safnaðarheimilinu á Króknum, Sígga prestur kennir okkur, mjög skemmtilegt, stelpur og strákar skiptast í hópa og það var farið á Löngumýri í einn dag en ég komst því miður ekki með.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í Húsi frítímans og það eru 121 boðið í veisluna.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, það verður kjúklingasúpa með tilheyrandi, gæs, sem pabbi skaut og gróf, með henni verða ostar, brauð, vínber, sósa og svo nokkrar kökur í eftirrét, gos, mjólk og kaffi.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, hvítur kjóll og hvítir nike skór.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Hestur, hnakkur og Biblían.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Metta hestakona af því hún er svo skemmtileg, ótrúlega góð og flink með hesta.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Hef örugglega farið í meira en tíu fermingaveislur. Já, skitlesnammi sem skraut á borðunum og myndaveggur. /SG

Gísli Frank Traustason**Á afa sem er frægur og hann kemur, að sjálfsögðu, í veisluna**

Gísli Frank Traustason býr á Syðri-Hofdölum í Skagafirði. Gísli verður fermdur í Hofstaðakirkju þann 28. mars af sr. Sigríði Gunnarsdóttur. Foreldrar hans eru Trausti Valur Traustason og Gunnhildur Gísladóttir.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Hann er bara búinn að vera góður, fara í messur, fermingarfræðslu og kaupa fötin.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður í Miðgarði og það er í kringum 150 manns boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, mamma veit það. En ég held það eigi að vera lambalæri og kökur á eftir.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, við erum búnir að kaupa blá jakkaföt og hvíta skyrtu, sparískó og belti.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Mig langar í pening inn á framtíðarreikninginn minn.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Afi minn er frægur, hann kemur, það er nóg.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Já, ég hef farið í margar fermingarveislur og þær eru allar mjög svipaðar. /SG

Bríet Anja Birgisdóttir**Ætlar að bjóða upp á kökur, kleinur og pönnukökur**

Bríet Anja Birgisdóttir verður fermd í Hvammstangakirkju þann 24. mars. Bríet á heima á Melaveginum á Hvammstanga og er dóttir Birgis Þórs Þorbjarnarsonar og Söru Eirar Þorleifsdóttur.

Hvernig hefur fermingarundirbúningnum verið háttað? Ég fór í fermingarferð í Vatnaskóg í haust, fermingarfræðslu í vetur, safnaði fyrir Hjálparstarf kirkjunnar og fór svo í slatta af messum.

Hvar verður veislan haldin? Veislan verður haldin í félagsheimilinu Víðihlíð og það eru um 100 manns boðið.

Er búið að ákveða hvað verður á matseðlinum? Já, það verða kökur, kleinur og pönnukökur.

Er búið að ákveða fermingarfötin? Já, ég valdi hvítan kjól og bleika strigaskó.

Hvað er á topp 3 listanum sem þú óskar þér í fermingargjöf? Ferð til útlanda er efst á lista og svo nýr sími og bleikir körfuboltaskór.

Ef þú mættir bjóða einhverjum frægum/þekktum einstaklingi í veisluna þína hver yrði fyrir valinu og af hverju? Ég væri til í að bjóða Rihönnu, bara af því að það væri áhugavert.

Hefur þú farið í margar fermingarveislur sjálf/sjálfur? Var eitthvað í þeirri veislu sem þér fannst vera skemmtilegt og þig langar til að gera í þinni veislu líka? Ég hef farið í nokkrar fermingar, kahoot hefur verið vinsælt og skemmtilegt. /SG



UPPSTEYPA ehf.

óskar öllum
fermingarbörnum
á Norðurlandi vestra
innilega til hamingju með daginn



KARAOKE

HELÍUM

95 STK. Í HASSA

75 STK. Í HASSA

MYNDAKASSAR

BLÖÐRULENGJUR

PARTYLAND
AKUREYRI

PARTYLANDID.IS
ALLT FYRIR VEISLUNA
PARTÝLAND AKUREYRI
PARTYLAND@PARTYLANDID.IS

*Óskum fermingarbörnum
til hamingju með daginn
Framtíðin er ykkar!*

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA

*Hamingjuóskir
með fermingardaginn!*

**Verslunarmannafélag
Skagafjarðar**
- STOFNAD 1958 -

Dögun

**Dögunarrækja
er veislumatur**

Viltu kaldsjávarrækja eins og hún gerist best

Rækjan frá Dögun er framleidd úr hágæða hráefni úr Norður-Atlantshafi. Við leggjum áherslu á sjálfbærni veiðistofna og fullan rekjanleika vörunnar.


Fermingarblað Feykis

Verðlaunakrossgátan

PRENN NAMMIVERÐLAUN verða veitt fyrir rétta lausn á krossgátu blaðsins að þessu sinni. Lausnin felst í tölustöfunum frá 1 og upp í 9 og skal senda hana á netfangið feykir@feykir.is eða til Feykis, Hesteyri 2, 550 Sauðárkróki, fyrir miðnætti föstudagsins 5. apríl.

Gangi ykkur vel!

Lausn gátu í tbl. 10: Múminálfarnir á góðum degi

		SAK	LÍK TÍMA BIL	FÖRUST SVÍF-DYR	NOKKUR STÖR FLJÓT	SAM- HLJÓÐI	ASAKA TAM- INS	STÖK KVAÐ	SAM- HLJÓÐ- AR	A FETI LÍTIL	REIÐ- MANN	MERKI
	= >					3					= >	8
	GRÍPA FÆDDI			>		FJÓTIÐ UPPH. STAFUR 50				>	>	
	VILPAN						✓			✓		
			✓	✓				✓				
ÞANNI	⇓	FLÆÐA TÖNN FYRSTI	SÍÐ- DEGI EÐJA	SMÁ- LIMUR VETNI		ÍDRÖTTIN SAMM. TAL			4			
SÖLUNDA			7	HELGI- HALD (LÖFUGT) REFI								⇐ AUM
SÓSIAL- ISTI		✓					A			DBALGOT SAM- HLJÓÐI		
AÐ NÝJU				HÁTIÐ	⇒						ELFUR PRAUT- INA	
BORG FLÝTIR		✓		SAKKA (LÖFUGT) SAMM. (LÖFUGT)			EINK- STAFUR FJÓRU- GRÖÐUR SÉRALJ.			MÆLI- ENING SKIPIÐ		
NORÐUR- LANDA- BÚINN EINN					9	BELTI	ULL LEIT VÆLGA					HITA
FYRSTI		'ATT HENDUR	✓	VEIÐAR- FÆRI BILUN TAL					INNAN NÚLL MYNNI			2
'ATTIR ZEINGU			>	6	HRYÐJAN VÆNN	5						
MÖGL	⇓				UPP- HJÓÐ. R-VIK		'ATT LEKYR NORÐUR					
MÁL- TIÐ	1 ⇓									'ATT SAM- TÖK		>

Fermingar 2024



Ertu búin að panta snyrtingu fyrir fermingarnar? við erum á noona.

Gott úrval af hreinum húðvörum fyrir öll.



Eftirlæti snyrtistofa & verslun

eftirlaeti.is

EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

INNLEND FRAMLEIÐSLA MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

Steinull hf er fyrsti byggingavöruframleiðandinn á Íslandi sem látið hefur útbúa umhverfisyfirlýsingu fyrir sínar vörur.

Umhverfisyfirlýsing vöru stendur fyrir „Environmental Product Declaration“ eða EPD.



Hvað ætli sé sniðugt að gefa fermingarbarninu? | klara@nyprent.is

Gjafahugmyndir fyrir unglingana

Hvað ætti að gefa fermingarbarninu í fermingargjöf? Alltaf er þetta mikil þæling þegar okkur er boðið í fermingu og finnst mörgum miklu skemmtilegra að gefa gjöf í pakka heldur en pening í umslagi þótt það sé eitthvað sem virkar alltaf og nýtist oftast vel.

Hér settum við saman einhverjar hugmyndir að gjöfum til að gefa unga fólkinu og vonandi hjálpar það ykkur við að finna eitthvað sem vekur lukku og hefur notagildi fyrir fermingarbarnið sem þið ætlið að gleðjast með á fermingardaginn.



Skartgripabox á myletra.is.



Ferðatöskur á th.is.



Úr á skartgripirogur.is.



Litlir kælskápar á elko.is.



Fujifilm Instax Mini á elko.is.



Armbönd á bylovisa.is.




Hálsmen á bylovisa.is.



Loðbönd á hrim.is.



Samba original skór á adidas.is.



HomePod mini á macland.is.



Brúsi á hverslun.is.



Teppi á icewear.is.



Teiknisett á a4.is.



Krukka á snuran.is.



Peysa á cintamani.is.



Snyrtitaska með led-ljósi á verslun.makeupstudio.is.





Námsbrautir við FNV

Iðnnámsbrautir

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Vélvirkjun
- Rafvirkjun
- Bifvélavirkjun

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

- Félagsvísindabraut
- Fjölgreinabraut
- Hestabraut
- Náttúruvísindabraut

Aðrar brautir:

- Starfsbraut
- Undirbúningsnám í búfræði

Starfsnámsbrautir

- Hestaliðanám
- Kvikmyndabraut
- Nám til iðnmeistararéttinda
- Sjúkraliðabraut
- Vélstjórnarnám A og B

Íþróttakademía

- Fótbolti
- Körfubolti

Fjarnám



Það er alltaf líf og fjör í FNV!



Kristín Lind á Sauðárkróki

„Ég finn alltaf eitthvað fallegt þar sem mér langar til að gera“

Kristín Lind Sigmundsdóttir er 24 ára gömul og er búsett á Króknum ásamt kærastanum sínum honum Hauki Ingva og litlu stelpunni þeirra. Kristín Lind vinnur á Heilbrigðisstofnun Norður-lands vestra og er að klára sjúkraliðanám.

Hve lengi hefur þú stundað hannyrðir?

Ég byrjaði frekar ung að dunda mér við alls konar hannyrðir, mamma hefur prjónað síðan ég man eftir mér og kveikti það áhuga hjá mér.

Hvert var þitt fyrsta hannyrðaverk og hvernig gekk það?

Úff, ég man nú ekki hvað það var en ætli það hafi ekki verið húfa eða eitthvað létt svo ég hefði þolinmæði í að klára það.

Hvaða handavinna þykir þér skemmtilegust?

Mér þykir barnaprjón skemmtilegast.



Kristín Lind.

AÐSENDAR MYNDIR.

Hverju ertu að vinna að þessa dagana?

Ég er með peysu á prjónunum sem hefur verið í góðri pásu þar sem ég eignaðist barn í desember sl. og tíminn til að prjóna hefur verið frekar lítill síðustu vikur.

Hvar færðu hugmyndir og innblástur?

Ég skoða mikið á instagram, ég finn alltaf eitthvað fallegt þar sem mig langar til að gera.

Hvaða handverk sem þú hefur unnið ertu ánægðust með?

Ég myndi segja að það sé ungbarnateppið *Lovfall* sem ég prjónaði fyrir stelpuna mína.

Kristín skorar á mömmu sína, Ragnheiði Maríu Rögnvaldsdóttur.



HEITASTA GJÖFIN | klara@nyprent.is

Ásbjörg Valgarðsdóttir

„Valdi að vera í buxunum á fermingardaginn“

Ásbjörg Valgarðsdóttir er frá Ási í Hegranesi og býr í Raftahlíðinni á Sauðárkróki. Ásbjörg er yngst af átta systkinum og á stóra fjölskyldu en býr ein. Ásbjörg er svo heppin að vera stuðningsfjölskyldan hans Bjart Snæs sem er prinsinn í lífinu. Hún vinnur á Leikskólanum Ársölum sem deildarstjóri með yndislegum tveggja til þriggja ára gömlum börnum og frábæru starfsfólki.

Hvar og hvenær fermdist þú? Ég fermdist í Rípurkirkju í Hegranesi og fermingardagurinn var 20. apríl 1987.

Manstu eftir fermingunni sjálfri og fermingarfræðslunni? Já, man vel eftir fermingunni með mínum jafnöldrum í Nesinu og fermingarfræðslan var með skólasystkinum á Króknum þar sem

séra Hjálmar kenndi og einnig hjá Sigurði Guðmundssyni vígslubiskup á Hólum sem fermdi mig.

Hvernig var fermingardressið og hárgreiðslan? Mamma mín saumaði fermingardressið sem var dröppuð dragt og fékk ég bæði buxur og pils. Ég valdi að vera í buxunum á fermingardaginn sjálfan og ég á dressið ennþá. Halla hárgreiðslukona greiddi mér og var ég með hvít blóm í hárinu.

Hvar var fermingarveislan haldin? Veislan var haldin heima hjá mér í Ási.

Hvað bauðstu upp á í fermingarveislunni? Kökuveisla sem mamma mín sá um ásamt systur mínum.

Hver var heitasta gjöfin á þeim tíma? Græjur.

Hver er eftirminnlegasta gjöfin? Græjurnar.

Hvað stóð upp úr á fermingardaginn sjálfan? Samvera með fjölskyldunni



Ásbjörg heima í Ási á fermingardaginn sjálfan, fin í heimasaumuðu dragtinni við kræsingamar sem mamma hennar og systur töfrúðu fram fyrir veisluna.


en var voða fegin þegar veislan var búin þar sem ég þekkti ekki helminginn.

Ef þú ættir að fermast í dag, hvernig dress yrði fyrir valinu og hver væri

óskagjöfin? Þar sem ég er mikil kjólakona í dag væri það kjóll og heitasta óskinn að fara erlendis í sólina.

Fermingar 2024

Fermingargjöfin fyrir unga hestafólkið fæst í Líflandi



Við minnum líka á gjafabréfin okkar sem slá alltaf í gegn hjá unga hestafólkinu.

Lífland Blönduosi
Efstubraut 1 - sími 540 1155

SÍGILD FERMINGARGJÖF



Vatnsheldir úr gæðaleðri
Stattu traustum fótum með Timberland

1. hæð Kringlunni - 1. hæð Smáralind
533 2290 timberland.is timberlandiceland



**Fisk-Seafood óskar
fermingarbörnum og foreldrum
þeirra til hamingju með daginn**



Leikhúsgagrýni

Sigurlaug Dóra, Lulla, skellti sér á leikhússýninguna Beint í æð

Síðastliðið föstudagskvöld brá ég mér í leikhús og sá uppfærslu Leikfélags Fjallabyggðar á farsanum Beint í æð eftir konung farsanna Ray Cooney í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Leikstjóri er Valgeir Skagfjörð. Gestir streymdu inn í salinn og greina mátti tilhlökkun gesta og á móti manni tók stílhrein og flott leikmynd. Eina sem mér fannst mögulega vanta upp á var að hafa smá tónlist í salnum áður en sýningin hófst.

Jón Borgar, yfirlæknir taugadeildar, er leikinn af Óðinni Löve, er í burðarhlutverki, byrjar sýninguna með góðum krafti og skilar sínu hlutverki afar vel út alla sýninguna. Með hlutverk Grettis, skurðlæknis á Landakoti, fer Fannar Þór Sveinsson og er hann mjög flottur og skemmtilegur í sínu hlutverki. Það sem er magnað er að þetta er frumraun Fannars á sviði og vonandi munum við sjá meira



Úr leiksýningunni Beint í æð. MYND TEKIN AF TROLLI.IS

af honum á sviði. Þeir tveir eru einnig mjög myndnir í senu þegar þeir bregða sér báðir í hlutverk Jórunnar yfirdeildarhjúkrunarfræðings til að reyna að bjarga því flækjustigi sem upp kemur. Súsanna er leikin af Hörpu Hlín Jónsdóttir og er hún örugg og flott í sínu hlutverki sem eiginkona Jón Borgars. Friðrik Birgisson skilar hlutverki sínu sem Páll Óskar, yfirlæknir á Landakoti, einnig vel, skemmtileg blanda, á að vera stressaður yfirmaður

og slakur þegar hann fær eitthvað gott í glas. Þegar Dána, fyrrverandi skurðhjúkrunarfræðingur, sem leikin er af Hönnu Bryndísi Þórisdóttir, mætir á Landakot eftir langa fjarveru með fréttir fyrir Jón Borgar fer af stað hröð og skemmtileg atburðarrás sem leysist ekki fyrr en í lokin og nú verður þú einfaldlega að mæta í leikhús til að sjá. Hanna Bryndís skilar sínu hlutverki vel, skemmtileg blanda af fyrrverandi starfsmanni og

áhyggjufullri móður Frímans. Frímann, sonur Díönu, er leikinn af Víkingi Ólfjörð Danielssyni, stendur sig mjög vel og er afar skemmtilegur, kraftmikill og sannfærandi í sínu hlutverki en þetta er í fyrsta sinn sem hann leikur í farsa.

Sama má segja um annan nýliða á sviði en Mannfreð, elliaer og sjúklingur, leikinn af Kristni Magnússyni, er frábær í sínu hlutverki og heldur vonandi áfram að leika líka.

Gríma Briem, læknir á Landakoti, leikin af Maríu Bjarney Leifsdóttur, er skemmtileg og mikil leikgleði hjá henni við það að reyna drífa gerð myndbands áfram fyrir vinnu þórrablótsgleði.

Jórunn, yfirdeildarhjúkrunarfræðingur, leikin af Sigríði Guðmundsdóttur, er mjög flott í sínu hlutverki og sannfærandi í leik eftir að hafa fengið haldol, spurning hvort eitthvað var í sprautunni?

Bera, rannsóknarlögreglukona, leikin af Margréti Kristinsdóttur, heldur vel utan um sitt hlutverk við að reyna að

skilja alla þessa flækju og greiða úr henni.

Gróa, móðir Grettis, leikin af Þuríði Sigmundsdóttir, er mjög skemmtileg í hlutverki heyrnaskertrar móður.

Heilt yfir er sýningin frábær skemmtun. Valgeir leikstjóri hefur unnið góða vinnu með góðu kasti í hlutverk og náð góðri vinnu með hópnum. Sýningin tikkar í þau box sem góður farsí þarf að hafa, hröð, tæmingar upp á 10,5, sýningin er skemmtileg og það myndin að nokkrar setningar týndust í hlátri í sal.

Góður hópur bakvið tjöldin hefur unnið sína vinnu vel þar sem leikmynd, leikmunir, búningar, smink og tæknimál eru í góðum málum.

Hvet alla til að drífa sig í að panta miða og lengja lífið með hlátri.

Takk fyrir góða skemmtun

Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir formaður LS

Fréttatilkynning

Skagfirsk sveifla á Frjálsíþróttabíningi um sl. helgi

Frjálsíþróttamenn héldu sitt 64. þing í Skagafirði um sl. helgi. Um var talað hve heimamenn í UMSS tóku vel á móti þingfulltrúum alls staðar að af landinu í Húsi frítímans á Sauðárkróki. Þingið var sérlega starfssamt en fyrir því lágu 29 tillögur um hin ýmsu málefni frjálsíþróttar. Þar á meðal voru margar tengdar hlaupum og eflingu hlaupa, þar sem FRÍ fer með æðsta vald og ábyrgð.

Heimamennirnir og nafnarnir Gunnar Sigurðsson og Gunnar Þór Gestsson stýrðu þinginu af þekktri röggsemi sem þingforsetar.

Gunnar Þór ávarpaði raunar þingið einnig við setningu sem varaformaður

UMFÍ.

Þá var einnig við þingsetningu minnst sérstaklega gullmerkishafans Ásbjörns Karlssonar sem starfaði áratugum saman fyrir FRÍ í stjórn og nefndum FRÍ auk margvíslegra starfa hér í héraði.

Tilkynnt var á þinginu um kjör tveggja nýrra heiðursfélaga FRÍ á þinginu, menn sem báðir tengjast Skagafirði. Það var annars vegar eldhuginn Ingimundur Ingimundarson, sem hóf sinn merka feril við þjálfun og félagsmál í frjálsíþróttum í Skagafirði, áður en hann reif upp allt starf í Borgarfirði og hins vegar annar eldhugi og forkólfur Gunnar Sigurðsson frá Stóru-Ökrum sem hefur verið í forystu í frjálsíþróttamálum bæði heima í héraði sem og á landsvísu.

Auk heiðursfélaganna hlutu fleiri Skagfirðingar verðskuldaða viðurkenningar en Friðrik Steinsson hlaut gullmerki sambandsins, Ómar Bragi Stefánsson silfurmerki og þau Thelma Knútsdóttir, Sigurður Arnar Björnsson og Theódór Karlsson öll eirmerki.

Þá var ekki síður skagfirsk sveifla á kosningunum þar sem þau Sveinn Margeirsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir voru kjörin í aðalstjórn FRÍ en auk þeirra var Freyr Ólafsson kjörinn formaður og þau Auður Árnadóttir og Jóhann Haukur Björnsson endurkjörin í stjórn.



Hluti af þeim sem fengu viðurkenningar. MYND AÐSEND



Gestir á frjálsíþróttabíningi sl. helgi. MYND AÐSEND

Feykir spyr...

Hvað er ómissandi á fermingarveisluborðið?

Spurt á Facebook



„Sver hnallþóra.“

Pórdís Halldórsdóttir



„Ég hef ekki pælt í því en gott súkkulaði og kaffi væri bara flott.“

Magnús Ásgeir Elíasson



„Strangheidarlegar hnallþórar.“

Krístín Rós Blöndal



„En ég held ég myndi segja marsipan terta og rice krispí hring turn.“

Pálína Ósk Ómarsdóttir

UMSJÓN : gunnhildur@feykir.is

(MATGÆÐINGAR VIKUNNAR) siggag@nyprint.is

Eyrún og Bjarni | bændur á Akurbrekku

BBQ rif og skyrkaka

Matgæðingar vikunnar eru Eyrún Helgadóttir og eiginmaður hennar Bjarni Kristmundsson. Eyrún og Bjarni eru bændur á Akurbrekku en Eyrún er einnig nuddfræðingur og Bjarni alltmuligman. Þau fluttu á Akurbrekku þann 1. nóvember sl. en bjuggu áður á Borðeyrarbæ og eru búin að koma sér vel fyrir með 420 kindur, ellefu hænur og einn hund á bænum.



AÐALRÉTTUR

Lamba bbq rif

4 stk lamba rif

Aðferð: Krydduð með grill og steikar kryddi, sett í ofnpott (svarta sporöskjulaga ofnpottinn) á 140°C í þrjá tíma. Ég helli fitunni af einu sinni eftir u.þ.b. einn og hálfan tíma. Eftir þrjá tíma eru rifin tekin út og sett á þau BBQ (ég nota Heins Classic Barbecue smokey og rich sósuna). Sósan er pensluð yfir rifin og sett aftur inn í ofninn á 180°C í u.þ.b. 15 - 20 mín. eða þar til þau eru orðin stökk að utan. Penslið aftur yfir þau þegar rifin eru tilbúin og sett á bakka.

EFTIRRÉTTUR

Jarðarberja skyrkaka

300 g skyr
300 ml rjómi
2 msk. Jello jarðarberja duft
½ pk. LU cinnamon kex

Aðferð: Setjið kexið í plastpoka og myljið með kökukefli. Setjið mulninginn í botninn á formi (ég nota eldfast glerform). Þeytið rjómann og setjið til hliðar, hrærið skyrrið og Jello-ið saman. Blandið svo rjóma og skyri saman með sleikju. Setjið ofan á mulninginn og geymið í ísskáp í tvo til þrjá tíma.

Verði ykkur að góðu!

Eyrún skorar á Guðrúnu Ólafsdóttur á Kríthóli.

Veisluís í páska-búningi með makkarónubotni og karamellusósu



130 g makkarónukökur, muldar
100 g smjör, bráðið
1 pakki (1,3L) Veisluís frá emmessis með eplum, kanil og kökukurli
250 ml rjómi, þeyttur
karamellu íssósa frá Emmessis
súkkulaði að eigin vali, saxað

Aðferð: Blandið bræddu smjöri og muldum makkarónum vel saman. Látið ís í form, gott er að nota form sem er annað hvort úr

siliconi svo auðvelt sé að ná honum úr forminu eða láta plastfilmu í formið áður en ísinn er settur í. Látið síðan makkarónumulninginn yfir ísinn og þrýstið honum lítillega niður í ísinn. Látið í frysti í að minnsta kosti klukkustund. Takið úr frysti og látið ískökurnar á diska. Látið rjóma á toppinn með sprautustúti, hellið smá karamellusósu yfir og stráið súkkulaði yfir allt.

Myndir og uppskrift af grgs.is.

/sg



FEYKIFÍN AÞPREYING

Sudoku

			3		1		
6					9		
5	1				8	6	
9			6	5			4
	1	2	3		7		
7		4	1				9
	8	5			7	3	
		7					8
	6		4				

SVÖR VIB VÍSNAGÁTUR: Selur

Vísnaátur Páls Jónassonar

Finna skal út eitt orð úr línunum fjórum.

Út á sjónum unir sér, einn í burt er fōðrar. Syndabelgur sagður er, solumaður gerir hér.

Ótrúlegt - en kannski satt...

...að Marilyn Monroe var með sex tær á einum fæti?
...að ef gullfiski er haldið í myrku herbergi þá verður hann hvítur á endanum?
...að Winston Churchill fæddist á kvennaklósetti á dansleik?
...að húð ísbjarna er svört og feldurinn er gagnsær?
...að tannlæknir fann upp rafmagnsstólinn?


Tilvitnun vikunnar

Það er ekki síður í sveitum að taka menn trúanlega ef þeir afþakka kaffi og meðþví...

– Halldór Kiljan Laxness

Allt á einum stað

Allar umbúðir, rekstrarvara, vinnufatnaður, gróðurvörur, kryddblöndur, hnífar, áhöld og margt fleira.



Samhentir

sala@samhentir.is - Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ - 575 8000





Við stækkum fermingargjöfina

Við gefum fermingarbörnum allt
að **12.000 króna** mótframlag þegar
þau spara fermingarpeninginn hjá okkur.

Við erum betri saman